Lög

og

fundargerðir

Þögn

ASHELM
0412

7/125

# Lög

fyrir heimilisiðnarfjelagið „Iðju" í Ytri-Torfustaða-hreppi V. Hún.

1 grein: Nafn fjelagsins er heimilisiðnaðarfjelagið „Iðja."

2. — Tilgangur fjelagsins er, ~~að~~ að efla heimilisiðnað í hreppnum með því, að sjá meðlimum sínum fyrir vjelum til iðnaðarins svo sem spunavjel, vefstól og fl. eftir því sem efni og ástæður fjelagsins leyfa gegn afnotagjaldi, sem aðalfundur fjelagsins ákveður ár hvert.

3. — Aðalfundur fjelagsins skal haldinn í júní eða júlímánuði ár hvert, þar skulu rædd öll þau mál er fjelagið varða, kosin stjórn og varamenn og endurskoðandi reikninga og fyrir aðalfund skal fjehirðir leggja endurskoðaðan efnahagsreikning fjelagsins

4. — Fjelagið er hlutafjelag og hver hlutur kr 10,00. Nú flytst fjelagsmaður út úr hreppnum skal honum þá endurgreitt hlutafje sitt vaxtalaust

og telst hann þá ekki lengur fjelagsmaður.

5 — Flytji búendur inn í hreppinn, skal þeim gefinn kostur á að kaupa hlut gegn kr 10.00 gjaldi og gerast fjelagsmenn (Engir tveir á sama heimili mega eiga hlut.)

6 — Stjórn fjelagsins skal leitast við að allir fjelagsmenn hafi sem jafnastan aðgang að vjelinni, eftir þörfum þeirra og reyna að sjá um að hún sje sem oftasti notkun.

7 — (Ef einhver fjelagsmaður notar vjelina ekkert heilt starfsár, þarf hann ekki að greiða árgjald það ár. Engin fjelagsmaður má nota vjelina nema fyrir sitt heimili)

8. — Standi vjelin notkunarlaus, og utanfjelagsmenn óski eftir að (fá) nota hana, er stjórninni heimilt að lána hana gegn tvöföldu afnotagjaldi sem greiðist (tafarlaust út í hönd) að verkinu loknu (að því tilskyldu að einhver hefur maður hafi umsjón með verkinu)

9. — Öll afnotagjöld skulu greidd fjehirði í peningum

10 — Hafi einhver fjelagsmaður ekki greitt afnotagjald sitt fyrir september mánaðarlok fær hann ekki að hafa afnot að vjelinni fyr en hann hefur greitt gjaldið

11. — Það sem sparast kann á rekstri vjelarinnar ár hvert, skal fjehirðir leggja inn í sparisjóð V. Hún. á Hvt..

12. — Stjórnin skal leitast við að komast að sem hagkvæmustum kaupum á öllu því er er kaupa þarf til vjelarinnar.

13. — Fjehirðir skal hafa viðskiftabók. og færa inn í hana allar tekjur fjelagsins og útborganir

14. — Efnahagsreikningnum skulu fylgja allar nótur og kvittanir til endurskoðanda

15 — Þegar fjelagið sjer sjer fært að ráðast í kaup á öðrum vinnuvjelum, skal aðalfundur kjósa sjerstaka nefnd til að semja notkunarreglur fyrir þær.

16. — Fjelagsmenn skulu skyldir að láta einhvern í stjórninni vita hesputölu þá er þeir spinna í hvert sinn að verkinu loknu

17. — Lög fjelagsins skulu færð inn í sjerstaka bók, og skulu fjelagsmenn allir skrifa nöfn sín undir þau, einnig skulu þar innfærðar

fundargerðir fjelagsins.

18. — Reikningsár fjelagsins skal vera starfsárið

19. — Breytingu á lögum þessum má aðeins gera á aðalfundi, ef 2/3 fjelagsmanna samþykkja þar

20 — Aðalfundur fjelagsins er því aðeins lögmætur að helmingur fjelagsmanna mæti.

Stóra-Ósi. 18. ágúst 1935

Þuríður Þorvaldsdóttir Bessastöðum
Guðrún Elíasdóttir Bálkastöðum
~~Þóri Jónasson~~ ~~Ytri Reykjum~~
Þóra Jóhannsdóttir Bergsstöðum
Sigríður Friðriksdóttir Barði
Ingibjörg Þorvaldsdóttir Stóra Ósi
Margrét Benediktsdóttir Staðarbakka
Hólmfríður Arnbjörnsdóttir Stóra-Ósi
Ingibjörg Briem Melstað
Sigurjóna Guðmundsdóttir Heggsstöðum
Elísa Björnsdóttir Útibleiksstöðum
Soffía [illegible] Jónsdóttir Torfastöðum

Ingibjörg Guðmundsdóttir Sanum.
Þuríður Ásmundsdóttir Urriðaá.
Hólmfríður Bjarnadóttir Svertingsstöðum
~~Sigríður Daníelsdóttir Skarfstöðum~~
Guðríður Guðmundsdóttir Svarðbæli
Aðalheiður Ólafsdóttir Ytri Reykjum
Elísa Benediktsdóttir
Elinbjörg Jónsdóttir Búrfelli
Ólöf Jónsdóttir
~~Ingiríður Sveinbjarnardóttir~~
Kristín Jónsdóttir Söndum
Kristín Jónsdóttir Söndum.
Þóra J Sigurðardóttir Urriðaá

1. Vefstóll heimilisiðnaðarfélagsins „Iðja“ verður lánaður félagskonum annað hvort til notkunar á heimilum eða til vefara, sem félagskonur kunna að ráða í sameiningu.
2. Leiga eftir vefstólinn skal kr. 1,00 á viku, þegar hann er í notkun.
3. Ef vefstóllinn skemmist í útláni til einstaklinga er viðkomanda skylt að bæta skaðann, en félagið greiði bætur, ef sameiginlegur vefari á í hlut.
4. Þeim, sem taka vefstólinn á leigu, er skylt að hafa hann á góðum (~~stað~~) rakalausum stað, svo hvorki skeiðar né höföld ryðgi, en stjórn félagsins skal sjá honum fyrir öruggri geymslu, þann tíma ársins, sem hann er ekki í notkun.
5. Um flutning á vefstólnum gilda sömu reglur og um spunavélina.
6. Þeir, sem nota vefstólinn, skulu láta stjórninni í té upplýsingar um, hvað og hve mikið ofið hefur verið og skal stjórn félagsins gefa sundurliðaða skýrslu um notkun vefstólsins á aðalfundi ár hvert.
7. Leigu eftir vefstólinn innheimtir gjaldkeri með öðrum tekjum félagsins.

# Fundargerð.

Árið 1934. 24 júní var fundur haldinn að Ásbyrgi að tilhlutun kvennfjelagsins „Aldan“. Fundinn setti Þóra Jóhannsdóttir Bergstöðum og skýrði frá spunavjelarkaupum þeim. er fjelagið hafði gengist fyrir. Þá var fyrst talað um hvað spunafjelagið skyldi heita og kom fram tillaga frá Hólmfríði á Stóra-Ósi að það skyldi nefnt „Iðja“ og var það samþykkt. Því næst var kosin þriggja manna stjórn. ~~til eins~~ til eins árs, og hlutu kosningu: Frú Ingibjörg Briem, Þóra Jóhannsdóttir og Hólmfríður Bjarnadóttir. Þá var talað um stofngjald fjelagsins, og var samþykkt að hver sem gerðist meðeigandi í spunavjelinni legði fram 10 kr og fengi þær endurgreiddar, ef hann flytti í burtu af fjelagssvæðinu. Því næst var talað um húsnæði fyrir spunavjelina og sú ákvörðun tekin, að hafa hana í Ásbyrgi allan þann tíma er hún varð uppsett og jafna húsaleigunni niður á eigendurna, en ekki á þann hespufjölda sem spunninn er. Þá var samþykkt að gjald fyrir spunann yrði 5 aurar á einfalda hespu og 11 aurar á tvinnaða

hespu. Þá var talað um að spunavjelinn væri uppsett í 8 mánuði. Samþykt var að einn fundur væri haldinn í fjelaginu í júnímánuði ár hvert. Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Sigríður. Guðmundsdóttir.
(fundarritari.)

Fundargerð.

Fundur var haldinn í fjelaginu „Iðju“ 14 Júli 1935. í samkomuhúsinu Ásbyrgi Sigríður á Staðarbakka var tilnefnd fundarstjóri en ritari Þuríður á Bessastöðum. Síðan hófust umræður. Fyrst tók til máls Þóra á Bergstöðum formaður fjelagsins og gerði grein fyrir styrkjum þeim, er fjelagið hefir hlotið á árinu. með því að styrkur búnaðarsambans hefur valdið nokkru umtali taldi hún æskilegt að honum yrði sem fyrst varið til kaupa á einhverri nýrri vjel til styrktar heimilisiðnaði, t. d. vefstól. Nokkrar umræður urðu um málið og bar Sigríður á Staðarbakka fram svohljóðandi tillögu. Fundurinn ákveður að fjelagið kaupi tvíbreiðan vefstól. með öllu tilheyrandi svo fljótt sem ástæður leyfa!
Tillagan var samþykt í einu hljóði. Því næst vakti formaður máls á því að fjelög sem þetta, hefðu rjett til að senda fulltrúa á fund Kvennabands Vestur Húnavatnssýslu þau gætu og gengið í sambandið ef þau vildu. Nokkrar umræður urðu um málið og bar formaður fram svohljóðandi tillögu

Fjelagið kýs fulltrúa, er mæti á næsta sambandsfundi Kvennabands V-Hún.
Tillagan var samþykkt. Síðan var fulltrúi kosinn Kosningu hlaut Þuríður á Bessastöðum þar næst var kosin nefnd, er semja skyldi reglur fyrir fjelagið Kosningu hlutu þær Hólmfríður á Ósi Þuríður á Bessastöðum og Þuríður á Urriðaá Að lokum var stjórn kosin og hlutu kosningu þær: Þóra á Bergsstöðum Ingibjörg Briem og Hólmfríður á Svertingsstöðum, allar endurkosnar.

Fundi slitið.

# Fundargerð.

Fundur var haldinn í heimilisiðnaðarfélaginu. Iðju sunnudaginn 30. ágúst 1936. Formaður skipaði Hólmfríði á Stóra-Ósi fundarstjóra en hún tilnefndi Þuríði á Bessast. ritara.
Fyrst voru afgreidd spunagjöld, sem voru ógoldin, því næst voru lesin upp lög félagsins með því að margt fundarmanna hafði aldrei heyrt þau. Þá hóf Hólmfr. á Stóra Ósi máls á því, hvort ekki mundi æskilegt að flytja spunavélina milli notenda og urðu um það nokkrar umræður og Þuríður á Bessastöðum lagði fram svohljóðandi tillögu: Fundurinn ákveður að flytja megi vélina milli tveggja til þriggja staða í hreppnum, ef sérstakar ástæður mæla með því; og skal vélin þá sótt og flutt af þeim er nota hana.

Var tillagan samþykkt með öllum greidd um atkvæðum.
Síðan var kosið í stjórn fèlagsins til næsta starfsárs. Kosningu hlutu Hólmfr. Arnbjarnardóttir með 14 atkv. Þuríður Þorvaldsdóttir með 14 atkv. og Sigríður Guðmundsdóttir með 12 atkv.
Í vara-stjórn: Þuríður Ásmundsdóttir, Sigurjóa Guðmannsdóttir og Margrèt Benediktsdóttir. Endurskoðandi var kosinn Sigríður Friðriksdóttir.
Loks skýrði fulltrúi fèlagsins frá því helsta, sem gerðist á fundi ~~sýslu~~ kvennabands V. Hún. og var endur kosinn til þess að mæta á næsta fundi sambandsins.
Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt
Fundi slitið

Þuríður Þorvaldsdóttir
fundarritari

Fundargerð.

Fundur var haldinn í heimilisiðnaðarfjelaginu „Iðja“ sunnudaginn 20. júní 1937.
Formaðurinn Hólmfr. Arnbjarnardóttir setti fundinn og skipaði fundarstjóra Þórn Jóhannes Bergsstöðum. Fundarritari var skipaður frú Ingibjörg Briem. Því næst hófust fundarstörf.

1. Þuríður Þorvaldsd. minntist látinnar fjelagskonu. Sigríðar sál. Guðmundsdóttir Staðarbakka og bað fundarkonur að minnast hennar með því að standa upp.

Því næst gerði gjaldkeri grein fyrir fjárhag fjelagsins og lagði fram endurskoðaðan reikning, var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Þá hóf fundarstjóri máls á því, hver tilhögun yrði með spunavjelina næsta ár. og taka þyrfti ákvörðun um það. Júlíana á Búrfelli ljet í ljósi ákveðna ósk um að vjelin gengi um hreppinn. í sama streng tók Þuríður á Bessastöðum og að loknu

máli sínu, bar hún fram svohljóðandi tillögu: Fundurinn telur æskilegt að spuna vjelin gangi milli notenda eins og síðast liðinn vetur, en telur sjálfsagt að allt kapp verði lagt á að nota hana sem best í hverjum stað, og að minnsta kosti verði spunnin ein vjel á dag á hverjum stað. Tillagan var rædd. Þuríður á Bessastöðum kvað nauðsynlegt að tekin væri ákvörðun um hvernig vjelin yrði flutt um hreppinn. Fleiri tóku ekki til máls og var tillagan samþykt í einu hljóði. Stjórnin bar fram svohljóðandi tillögu um flutning vjelarinnar: Fundurinn samþykkir að vjelin byrji sitt árið á hverri línu, ef ástæður leyfa. Var tillagan borin upp og samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Því næst fór fram kosning í stjórn til næsta árs. kosningu hlutu Hólmfr. Arnbjarnardóttir, Þuríður Þorvaldsdóttir og Sigríður Friðriksdóttir. Endurskoðandi var kosinn frú Ingibjörg Briem.

Fundi slitið.

# Fundargerð.

Sunnudaginn 17. júlí var fundur haldinn í heimilisiðnaðarfjelaginu „Iðja“, að Ásbyrgi. Fundinn setti Hólmfr. Arnbjarnard. og nefndi til fundarstjóra Þuríði Rósmundsd. er skipaði fundarritara Guðrúnu Benidiktsd.

Hólmfr. Arnbjarnard. ~~bar~~ það ~~undir~~ fundinn hvort ekki ætti að borga eina krónu í ársgjald. í stað leigugjalds fyrir húsið, og var það samþykt með samhljóða atkvæðum.

Næst las Þuríður Þorvaldsd. upp reikninga fjelagsins og voru þeir samþyktir með öllum greiddum atkvæðum.

Þuríður Þorvaldsdóttir benti á það hvort fjelagið ætti ekki að kaupa vefstól en það mál var tekið út af dagskrá vegna þess hve fámennur fundurinn var.

Að lokum var kosin stjórn og hlutu kosningu þær: Hólmfríður Arnbjörnsdóttir, Þuríður Þorvaldsdóttir og Sigríður Friðriksdóttir allar endurkosnar. Frú Ingibjörg Briem var endurkosin.

endurskoðandi reikninganna.
Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

# Fundargerð.

Fundur var haldinn í heimilisiðnaðarfélaginu. Fóju sunnudaginn 24. júlí 1939, á Stóra Ósi. Formaður skipaði Helgu Þorsteinsdóttir fyrir fundarstjóra, en hún til nefndi Þóru Jóhannsdóttir ritara.

1. Gerð grein fyrir starfsemi fél. síðastliðið starfsár.

2. Kvennasamband V. H. fer þess á leit að konur samlagi sig um að senda ull til kembingar og vinni úr því söluvarning, sem yrði útgengilegri ef samræmi fengist í það sem boðið er til sölu. Umræður urðu um málið en daufar undirtektir með að konur hefðu tíma eða ástæður til að vinna meir að tóskap en þyrfti fyrir heimilin, og þó einkum að taka ofan af meiri ull um sláttinn en þær sjálfar þyrftu að nota. Tillaga kom frá

Þuríði Rósmundsdóttir, um að leggja í þetta samlag og var hún feld.
3. Talað um að kaupa tvíbreiðan vefstól. Málið var rætt og kom fram svohljóðandi tillaga frá I. B. og Þ. Þ.: Fundurinn samþykkir að kaupa tvíbreiðan vefstól og felur stjórn félagsins að annast kaup á honum svo fljótt sem auðið er. Þessi tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þá lögðu þær Ingibjörg Bríem og Þuríður Þorvaldsdóttir fram aðra till. svohljóðandi: Fundurinn kýs þriggja kvenna nefnd til að semja notkunarreglur fyrir vefstólinn og gera tillögur um samvinnu félagskvenna um innkaup á tvisti og leita fyrir sér um möguleika fyrir að fá vefara fyrir félagskonur næsta vetur ef með þarf. Tillagan samþykkt í einu hljóði. Kosnar voru í þessa nefnd Ingibjörg Bríem Ingibjörg Þorvaldsdóttir og Helga Þorsteinsdóttir
Þá var kosið í stjórn félagsins til næsta starfsárs. Kosningu hlutu: Þuríður á Bessastöðum, Margrét á Staðarbakka og Þuríður á Kríðaá. Ein kona (M. S.) gekk í félagið
Fundargerðin lesin upp og samþykt.

Fundi slitið.

Þóra Jóhannsdóttir
(fundarritari)

samþykki. Þessu næst var kosin stjórnin. Endurkosnar voru þær Þuríður Rósmundsd ritari og Þorvalds dóttir gjaldkeri. en í stað Margrjetar á var kosin sem formaður Elínbjörg Jónsdóttir Búrfelli. Í fjelagið gekk Salóme Jóhannesdóttir á Söndum og var hún tekin í það, sem heiðurs meðlimur

Fundi slitið

Helga Þorsteinsdóttir
fundarskrifari

## Fundargerð.

Sunnudaginn 6. júlí 1941 var fundur haldinn í heimilisiðnaðarfélaginu „Iðju" að Melstað. Þuríður Rósmundsdóttir, formaður félagsins, setti fundinn, til ritara nefndi hún Þuríði Þorvaldsdóttur.
Fyrstur tók til máls féhirðir félagsins. Skýrði hann frá fjárhag félagsins, sem þótti eftir atvikum góður. Endurskoðaðir reikningar félagsins voru síðan bornir upp og samþykktir í einu hljóði. Því næst var rætt um hvort æskilegt væri að félagið gengi í Kvennabandið og samþykkt svohljóðandi tillaga: Fundurinn samþykkir að sækja um upptöku í Kvennabandið. Síðan var rætt um það að sanngjarnt væri að hækka afnotagjald og árstillag félagskvenna og samþykkt að hækka árstillagið úr kr. 1,00 í kr. 1,50 og afnotagjaldið úr kr. 0,05 í kr. 0,06 á einfalda hespu og á tvinnaða hespu úr kr. 0,11 í kr. 0,15 og á þrinnaða hespu úr

kr. 0,16 í kr. 0,21 og hlutfallslega fyrir utanfélagsfólk.
Loks var gengið til kosninga og var stjórnin öll endurkosin og sömuleiðis endurskoðandi. Fulltrúar á Kvennabandsfund voru kosnar Margrét Benediktsdóttir og Þuríður Þorvaldsdóttir. Fundargerðin lesin upp og samþykkt breytingalaust.
Fundi slitið.

Þuríður Þorvaldsdóttir
(fundarritari).

## Fundargerð.

Sunnudaginn 30. nóvember 1941 var fundur haldinn í heimilisiðnaðarfélaginu „Iðju“ að Melstað. Fundinn setti formaður félagsins, Þuríður Rósmundsdóttir, og tilnefndi Þuríði Þorvaldsdóttur sem fundarstjóra. Tók hún þá við fundarstjórn og bað Margréti Benediktsdóttur að skrifa fundargerð.
Aðalmálið sem lá fyrir fundinum var að ræða um vefnað. Skýrði Þuríður Þorvaldsd. frá því að félaginu hefði boðist vefnaðarkona, til að vefa fyrir félagskonur, í einn mánuð og voru allar konur því samþykkar, var málið rætt og teknar ákvarðanir um það hvernig verkinu skyldi hagað. Síðan var málið tekið út af dagskrá.
Salóme Jóhannesdóttir skýrði frá því að hjúkrunarkona sú er ráðin hafði verið hér í sýslunni, til að gegna hjúkrunarstörfum á einstökum heimilum, hefði sagt upp starfinu og æskilegt væri að reynt yrði

að útvega aðra, ef einhverjir möguleikar
væru á því.
Annars engar fastar ákvarðanir teknar í
málinu. Fleira lá ekki fyrir fundinum.
Fundargjörðin lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið.

Margrét Benediktsdóttir
(fundarritari).

## Fundargerð.

Fundur var haldinn í heimilisiðnaðar-
félaginu „Iðju" 5. júní í Ásbyrgi og stýrði
formaður félagsins Þuríður Rósmundsdóttir fund-
inum.
Fyrst skírði féhirðir frá fjárhag félagsins og
lagði fram endurskoðaða reikninga, sem voru
samþykktir að öðru en því, að sökum
mislestrar var Maríu Sigurvinsdóttur reiknað
kr. 6.00 hærra afnotagjald en henni bar
að greiða. Lækkuðu því tekjur félagsins, sem
þessari upphæð nam. Féhirðir bar því næst
fram tillögu þess efnis að afnotagjald fyrir
vefstólinn yrði hækkað úr kr. $0,16\frac{2}{3}$ í 0,20 á
dag og var hún samþykkt. Kvennabands-
fundurinn á að þessu sinni að haldast á
vegum „Iðju". En sökum þess, að Ásbyrgi er
teppt, sjá fundarkonur sér ekki fært að taka
á móti fundinum fyr en einhvern tíma
í haust.

Fundurinn lagði fyrir stjórnina að leita
fyrir sér um kaup á nýrri spunavél
svo fljótt, sem unnt væri.
Loks var stjórnin öll endurkosin.
Fulltrúar á Kvennabandsfundinn voru kosnar
Þuríður á Bessastöðum og Elínbjörg á
Búrfelli.
Fundargerðin síðan lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Þuríður Þorvaldsdóttir
fundarritari.

Fundargerð

Sunnudaginn 18 júlí 1943 var
fundur haldinn í heimilisiðnaðar
fjelaginu „Iðju“ að Urriðaá formaður
fjelagsins setti fundinn og setti Þóru
frá Bergsstöðum fundarstjóra, en
tilnefndi Elínbjörgu á Búrfelli
ritara
Þá var lesnir upp reikningar
fyrir síðastliðið ár og samþyktur.
Á árinu var pöntuð spunavél
hjá Jóni Gestssyni í Villingaholti
í Flóa og samþykkti fundurinn
því vegna vaxandi útgjalda að
hækka spunavélargjaldið úr
6 aurum á einfalda hespu
í 10 – og úr 15 í 25 aura á
tvinnaða og á þrinnaða hespu
úr 21 í (25)35 aura.
Rætt var um að til frekari tekju-
öflunnar væri nauðsynlegt að halda.

skemtun á næsta ári Voru kosnar
í skemtinefn þessar konur Þuríður
á Urridaá Gudrun á Þorfustöðum
Aðalheiður á Reykjum Gudbjörg á Svertings
stöðum og Ingiríður á Skarfhól
Þuríður á Bessastöðum baðs undan
endurkosningu í stjórn félagsins, var
Helga á Bessastöðum kosin í hennar
stað, en hinar voru endurkosnar
Fulltrúar á fund Kvennabandsins voru
kosnar Aðalheiður Reykjum og
Gudrun Þorfustöðum Endurskoðandi var kosin Sigríður Bardi
Fundargjörð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið

Elísabet Jónsdóttir

Fundargjörð

Fundur var haldinn í heimilisiðnar-
fjelaginu Iðju sunnudaginn 2 júlí 1944
að Ásbyrgi Formaður setti fundinn og
nefndi fundarstjóra Þuríði Þorvaldsd. og
hún nefndi fundarskrifara Sigríði
Fridriksd.
Fjehirðir las upp reikning síðasta
árs, og var hann samþykktur
Síðan byrjuðu umræður um spuna
vjelarkaup sem voru gerð síðastliðinn
vetur umræður urðu miklar um
hvort endurgreið ætti fje það er
fjelagskonur lögðu þá fram að
lokum var samþykkt svohljóðandi
tillaga Fundurinn samþykkir að
endurgreiða konunum þær kr 50 sem
þær lánuðu fjelaginu í vetur þeim
sem það vilja
Næsta mál var að borið var undir
atkvæði og samþykkt. að fella niður síð—

-ustu málsgrein 5 gr. laganna „ Engir ~~tvo~~ tveir á sama heimili mega eiga hlut
Þá kom fram tillaga svohljóðandi
„Fundurinn skorar á stjórnina að beita sér fyrir því að saumanámskeið verði haldið í hreppnum á næsta vetri„
Tillagan var samþykkt.

Síðan voru kosnar til að endurskoða lögin þessar konur Elínbjörg Jónsd. Þuríður Rósmundsd. Þuríður Þorvald. Ingibjörg Brém og Hólmfríð Björnsd.

Stjórnin endurkosin. Í varastjórn voru kosnar Kristín Jónsd. Aðalheiður Ólafsd. og Ólöf Jónsd.
Í skemmtinefnd voru kosnar Guðbjörg Sveinsd. Kristín Jónsd. Þóra Sigurðard. Ingiríður Sveinbjörnsd. og Aðalheiður Ólafsd.
Endurkosnir fulltrúar á sambandsfund einnig endurskoðandi reikninga.

Fundi slitið

Sigríður Friðriksd.

# Fundargerð.

Aðalfundur var haldinn í heimilisiðnaðarfélaginu Iðju, að Ásbyrgi, miðvikudaginn 20. júní 1945.

Elínbjörg á Bjargi, setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Margréti á Staðarbakka, hún tilnefndi Kristínu á Söndum fyrir fundarskrifara. 13 meðlimir voru mættir.
Fyrst las ~~fundaritari~~ félagsins upp síðustu fundargerð og var hún samþykkt.

Næst lagði gjaldkerinn fram reikninga félagsins og urðu um þá nokkrar umræður, en voru ekki samþykktir.

Ingibjörg Briem kom með svohljóðandi tillögu: „Fundurinn ákveður að lýsa félagið upp sem hlutafélag og kjósa fimm kvenna nefnd til að semja lagabreytingu fyrir framhaldsaðalfund."
Samþykkt í einu hljóði. Þessar konur hlutu kosningu: Ingibjörg Briem, Hólmfríður Arnbjörnsd., Hólmfríður Bjarnadóttir, Elínbjörg Jónsdóttir og Margrét Benediktsd. Kosnar voru tvær konur á sam-

bandsfund. Þær Elínbjörg Jónsd. og Þuríður Þorvaldsd.
Síðan var fundi frestað um óákveðinn tíma.

Framhaldsaðalfundur var haldinn 12. júlí 1945. Fundarstjóri setti fundinn. 17 félagar voru mættir. Þá voru lesnar lagabreytingar, sem nefndin var búin að semja og þær samþykktar í einu hljóði. Þá var fundarhlé.
Fundurinn hófst aftur með því að lesnar voru þessar tillögur frá nefndinni:
1. „Stofnhlutur félagsmanna kr. 10 verði óafturkræf eign félagsins". Samþykkt.
2. „Samkvæmt fundarsamþykkt aðalfundar F.S.Þ. 2. júlí 1944 eiga félagsmenn kost á að fá endurgreitt lán sitt til spunavélakaupa frá árinu 1944. Kröfur um endurgreiðslu skulu fram komnar fyrir lok yfirstandandi árs, annars er kröfuréttur(?) fallinn. Félagsmaður getur þá ekki talist sem greiðir ekki inntökugjald." Samþykkt.
Svohljóðandi tillaga var samþykkt. Fundurinn felur stjórninni að kaupa sem fyrst gróða vefjarskeið 20-30 tennur á 10cm. og einnig skyldu af skeiðu gerð." Samþykkt. Kosnar í stjórn: Friðbjörg Brim. Helga

Þorsteinsd. Elínbjörg Jónsdóttir. Varastjórn endurkosin og einnig endurskoðandi.
Fundi slitið.
Kristín Jónsdóttir.

## Fundargerð.

Aðalfundur var haldinn í heimilis-
félaginu ,Iðju, að Ásbyrgi þann 14 júní
1946.
Formaður setti fundinn og
minntist tveggja látinna félags-
kvenna, þeirra Þuríðar Þorvaldsdóttur
og Þuríðar Rósmundsdóttur og þeirra
mikla og góða starfs í þágu
félagsins og bað fundarkonur að
votta virðingu sína með því að
rísa úr sætum sínum.
Síðan nefndi hún fundarskrifara
Sigríði Friðriksd.
Ritari félagsins las fundargjörð
síðasta fundar.
Þá las Gjaldkeri upp reikninga
félagsins, og voru þeir samþykktir
Formaður lagði til nokkur bréf
til félagsins
Stjórn félagsins var endurkosin, einnig
varastjórn og endurskoðandi.

Í sambandsfundi voru kosnar
Hólmfríður Þorbjörnsdóttir og Gunnlaug
Hannesdóttir
12 meðlimir voru mættir, ein
kona gekk í félagið.

Fundi slitið.

Sigríður Friðriksd.
fundaritari.

Fundargerð.

Aðalfundur heimilisiðnaðarf. Iðju var haldinn að Ásbyrgi 31. ágúst 1947. Átta (8) meðlimir mættu á fundinum. Formaður nefndi fundarstjóra Þóru Jóhannsdóttur og hún fundarritara Sigríði Friðriksdóttur. Fundarstjóri lás fundargerð síðasta fundar og gjaldkeri las upp reikninga ársins og var hann samþykktur. Formaður las bréf frá Kvenréttindaf. Íslands. Þá kom fram tillaga svohljóðandi: „Fundurinn samþykkir að reyna að útvega stúlku til saumakennslu, og heimilar að verja 400.00 krónum til styrktar væntanlegu saumanámsskeiði, og felur formanni að sækja um styrk til Kvennabandsins.“ Tillagan var samþykkt. Á næsta sambandsfund voru kosnar Hólmfríður Arnbjörnsdóttir og Þóra Jóhannsdóttir. Stjórn og endurskoðandi voru endurkjörin. Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Fundi slitið.

Sigríður Friðriksd.
fundarritari

Fundargerð

Aðalfundur heimilisiðnarfélagsins Iðju var haldinn að Ásbyrgi, sunnudaginn 5 sept 1948. 14 konur mættu á fundinum. Formaður setti fundinn og nefndi fundarskrifara Sigríði Friðriksd. Formaður las upp lög félagsins. Ritari las upp fundargjörðins síðasta fundar og var hún samþykkt. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir. Formaður gerði grein fyrir störfum félagsins á síðasta ári. Síðan var gengið til kosninga. Í stjórn voru kosnar. Ingibjörg Briem Gunnlaug Hannesdóttir, Jósefína Helgadóttir í varastjórn. Hólmfríður Bjarnadóttir Sigríður Friðriksdóttir, Ólöf Jónsdóttir endurskoðandi reikninganna var kosin Margrét Benediktsdóttir. Fulltrúar á sambandsfund. voru kosnir Ingibjörg Briem og Jósefína Helgadóttir og til vara Elinbjörg Jónsdóttir og Margrét Benediktsdóttir.

Þá hófust umræður um hvort ætti að halda áfram með að reyna að útvega saumakonu og hafa námskeið á næsta vetri, og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
~~Einnig var samþykkt að koma á jólatrésskemmtun~~, og heimilað að verja til þess 400 kr úr félagssjóði Einnig var samþykkt að koma á jólatrésskemtun

3 konur gengu í félagið. Þær Jósefína Helgadóttir Guðrún Magnúsdóttir og Sigríður Jónsdóttir, Margrét [illegible]dóttir
[illegible] upp að
að [illegible] væru lög í lok fundarins
Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Sigríður Friðriksd.
fundarritari.

# Fundargerð

Aðalfundur Heimilisiðnaðarfélagsins Tója var haldinn að Ásbyrgi föstudaginn 26. ág. 1949. 10 konur mættu á fundinum. Formaður setti fundinn og var þá sunginn sálmurinn. Ó, hversu sæll er hópur sá. Fundarskrifari var tilnefndur (Gunnl. Hannesdóttir). Pálína Benediktsd. Fundarstjóri las upp fundargerð síðasta fundar og gjaldkeri las reikninga félagsins, endurskoðaðir og voru þeir samþykktir.
Þá var samþykkt að halda jólatrésskemmtun á næstu jólum og kaupa efni í föt á jólasvein.
Þá var lesin upp fyrirspurn frá formanni Kvennabandsins, Jónínu Líndal, hvort félagið vildi hafa sambandsfundinn hér. En fundurinn sá sér ekki fært að taka á móti sambandsfundi og afþakkar boðið.
Á starfsárinu var haldin jólatrésskemmtun við góða aðsókn. Sunnudaginn 14. ágúst var farið í skemmtiferð til Hóla á vegum félagsins 32. konur og karlar tóku þátt í förinni. Þá var samþykkt að ráða saumakonu til að halda námskeið í haust.
Þá var ákveðið að halda skemmtun fyrir þorl vetur.
Ein kona gekk í félagið, Ásdís Magnúsdóttir.
Í stjórn voru endurkosnar þær Ingibjörg Briem. Jósefína Helgadóttir og Gunnlaug Hannesdóttir. Varastjórn var endurkosin og endurskoðandi Margrét Benediktsdóttir. Þá voru þær kosnar fulltrúar til að mæta á sambandsfundi: Ásdís Magnúsdóttir og Jósefína Helgadóttir. Varafulltrúar: Elínbjörg Jónsdóttir og Kristín Jónsdóttir.
Í fundarbyrjun færðu félagar frú Ingibjörgu Briem heillaóska kveðju í tilefni af afmæli hennar 3. sept. og að gjöf hálsband. Formaður þakkaði frúnni vel unnin störf í félaginu. Gjaldkeri afhenti gjöfina. Síðan var sungið Föðurlandsins freyju.
Samþykkt var að vátryggja vélar og verkfæri félagsins.
Til þess að sjá um veitingar á væntanlegri skemmtun félagsins voru kosnar: Pálína Benediktsd. Ásdís Magnúsd. og Elínbjörg Jónsdóttir.
Í fundarlok var sungið eitt lag.

Gunnlaug
Hannesd.

Fundargerð.

Sunnudaginn 22. okt 1956 var fundur haldinn í heimilisiðnaðarfél. Fjs, og var hann að Staðarbakka.
fundarstjóri Helga Þorsteinsd. og fundarritari Ásdís Magnúsd. Fyrir fundinum lá, að ákveða um starfsemi vetrarins.
Ákveðið var að hafa barnaskemmtun um jólin og voru kosnar 5 konur til að annast undirbúning. Þær Kristín á Söndum, Sigurlaug á Brekkulæk Ólöf í Hlíð, Þóra á Urriðaá og Sigríður á Barði. Einnig var ákveðið að kaupa jólasveins búning.
Gunnlaug í Ánesi bar upp tvær fyrirspurnir: Hvort konur vildu panta tvist til vefnaðar. Annað, hvort tiltækilegt þætti að fá saumakonu til að halda saumanámskeið. Var almennur áhugi með báði þessi málefni og samþykkt að hafa námskeið hálfan

mánuð næsta vor.
Einnig var rætt um vinnuvélar en ekkert nýtt ákveðið í því efni.
Fleira ekki tekið fyrir
Fundargjörð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið.

Ásdís Magnúsdóttir
fundarritari

Fundargjörð.

Ár 1950 Fimmtudaginn 6. júlí, var fundur haldinn í heimilisiðnarfél. Iðju. Mættir voru 15 félagar. Var byrjað með að syngja sálminn „Nýja skrúðið nýfærð í“. Fundarritari var kosinn Helga á Bessastöðum.

1. Gjaldkeri félagsins, Gunnlaug Hannesd. las reikningana, voru þeir samþykktir í einu hljóði.
2. Tillaga kom fram, að fara í skemmtiferð í sumar, annaðhvort vestur í Dali eða norður á Strandir. Var það samþykkt einum rómi, og stjórninni falin framkvæmd málsins
3. Samþykkt var að hafa jólatrés-skemmtun á næstu jólum
4. Þá kom fram tillaga um að hafa fund 1. vetrardag eða 1. nóv. eftir veðri, og ræða vetrarstarfið. og var það samþykkt.
5. Þá var ákveðið að hafa eina skemmtun í sumar, til ágóða fyrir félagið, jafnvel í sambandi við væntanlegar kappreiðar „Hestamanna-félagsins“. Var það samþykkt samhljóða og kosin veitinganefnd og hlutu þessar kosningu: Pálína Benediktsd. Ásdís Magnúsd. Sigríður Jónsd. Margrét Guðmundsd. og Þórdís Magnúsd.
6. Í stjórn voru endurkosnar: Jósefína Helgadóttir Gunnlaug Hannesd og Ingibjörg Briem. Í varastjórn Ásdís Magnússd, Kristín Jónsd. og Pálína Benedikts
7. Fulltrúar á Kvennabandsfundinn voru kosnar Jósefína Helgad og Sigríður Jónsd. og til vara Elínbjörg Jónsd. og Ingibjörg Briem.

Að lokum var sungið: „Ó fögur er vor fósturjörð“ Fundargjörð upplesin Fundi slitið.

Helga S. Þorsteinsd
— fundarritari —

# Fundargjörð.

Ár 1957 miðvikudaginn 6. júní
var aðalfundur Kfj. Ytri Torfustaða-
hreppi settur og haldinn að Ásbyrgi
Setti form. fél. fundinn en síðan var
sungið eitt lag. Lesin var úrsögn
úr félaginu frá Margréti Benediktsd.
sem síðan var kjörin heiðursfélagi
Lesnir voru reikningar félagsins
og voru þeir samþykktir.
Þá var lesin upp fundargjörð
frá síðasta aðalf. Kvennabandsins
og kom þar fram málefni er snertir
starfsemi Kfj., en það er fjársöfnun
til væntanlegs dvalarheimilis
í Vestur Húnav. sýslu. Urðu nokkrar
umræður um málið, að lokum var
samþykkt að félagið gefi Kr. 1000.00
til væntanl. dvalarheimilis
Skyldi þessi upphæð lögð í sjóð til
minningar um Jónínu Líndal.

Lesið upp bréf frá Kvennabandinu
varðandi námskeið í félaginu og
þar boðið að útvega matreiðslu-
kennara.
Rætt var um að haldið skyldi
saumanámskeið á vegum félags-
ins og samþykkt að fela stjórninni
að útvega saumakonu.
Í stjórn félagsins voru kjörnar:
Ingibjörg Briem, Gunnlaug Hannesd.
og Jósefína Helgad. Í varastjórn:
Elinborg Jónsd., Ásdís Magnúsd. og
Kristín Jónsdóttir. Endurskoðandi
Sigríður Friðriksd.
Fulltrúar á Kvennabandsfund:
Elinborg Jónsd. og Ingibjörg Briem.
Veitinganefnd: Kristín á Söndum,
Aðalheiður á Reykjum, Pálína á Melstað.
Ásta á Sveðjust. og Sigríður á Barði
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargjörð upplesin og samþykkt
Fundi slitið.

Ásdís Magnúsd.
fundarritari.

## Fundargjörð

Ár 1952 mánud. 9. júní var aðalf. Iðju haldinn að Ásbyrgi. Form. setti fundinn. Mættir voru 14 fél. fundarritari Pálína á Melstað. Lesnir voru reikningar fél. og samþykktir. Rætt var um væntanlegt dvalarheimili og fyrirspurn barst um hvort minningarsj. Jónínu Líndal og Dvalarheimilissjóður væru einn eða tveir sjóðir. Formaður greindi frá að Jónínusjóður rynni í byggingarsjóð og væru þeir óaðskyldir. Síðan var gengið til kosninga og baðst stjórnin undan endurkosningu. Kosningu hlutu: Kristín Jónsd. með 13 atkv. Ólöf Pétursd. 11 atkv. og Margrét Ólafsd. m. 11 atkv. Kosnir fulltrúar á kvennabandsfund Elínbjörg Jónsd og Ingibjörg Briem og til vara Sigríður Friðriksd og og Ólöf Pétursd. Í veitinganefnd: Ásta á Sveðjust. Sigríður á Barði Hólmfríður á Svertingsst. Sigríður á Laugabóli og Þórdís á Söndum Endurskoðandi reikninga var kosin Sigríður á Barði
Í fundarlok var sungið eitt lag. fundi slitið

Pálína R. Benediktsd.
-fundarritari-

## Fundargerð.

Ár 1952 þann 17. dag júlí var fundur í Heimilisiðnaðarfélaginu Iðju haldinn í Ásbyrgi, og settur af formanni félagsins Kristínu Jónsdóttur, er nefndi til fundarskrifara Ásdísi Magnúsdóttur.
Mættir voru 17 félagar. Hófst fundurinn að venju með söng. Formaður félagsins las upp bréf frá formanni kvennabands V-Hún. varðandi sölutilboð frá Birni Jónassyni þar sem hann gefur kvennabandinu kost á að kaupa húseignina Móberg í Ytri-Torfustaðahrepp með söluskilmálum, sem nánar eru tilgreindir í bréfinu. Óskaði formaður eftir að málið yrði rætt meðal fundargesta, áður en ákvörðun yrði tekin. Urðu talsverðar umræður um málið og skoðanir skiptar um afgreiðslu. Svohljóðandi tillaga kom fram frá Jósefínu Helgadóttur: Fundurinn ályktar að húseign Björns Jónassonar, Móberg

skuli keypt til reksturs elliheimilis í Vestur-Húnavatnssýslu samkvæmt tilboði sem nánar er tilgreint í bréfi sem liggur fyrir fundinum. – Tillagan samþykkt með 11 atkvæðum gegn 4. 1 skilaði auðu og ein konan var farin heim áður en atkvæðagreiðslan hófst.

Kosnir voru fulltrúar til að mæta á aukafundi Kvennabandsins. Kosnar voru þær Ingibjörg Briem og Elinbjörg Jónsdóttir, og til vara þær Kristín Jónsdóttir og Ásdís Magnúsdóttir.

Rætt var um að félagið gengist fyrir skemmtiferð á yfirstandandi sumri. Samþykkt var að farið skyldi umhverfis Vatnsnes.

Einnig var ákveðið að félagið annaðist veitingar á skemmtun Hestamannafélagsins. Fundargjörð upplesin og samþykkt.

Kristín Jónsdóttir
– fundarstjóri –

Ásdís Magnúsdóttir
– fundarritari –



# Fundargjörð.

Miðvikudaginn 10. júní 1953 var aðalfundur heimilisiðnaðarfél. Iðju haldinn að Ásbyrgi, mættir voru 19 félagar.

Margrét Sigurðardóttir Bergsstöðum gekk í félagið. Fundinn setti form. félagsins Kristín á Söndum og tilnefndi fundarritara Elinbjörgu á Búrfelli. Fundurinn hófst að venju með söng. Síðan var gengið til dagskrár:

1. Lesnir upp reikningar félagsins og þeir samþykktir.
2. Formaður skýrði frá því að konum á Ytri-Torfust.hreppi stæði til boða bifreiðar frá K.V.H. til tveggja daga skemmtiferðar. Miklar umræður urðu um, hvert fara skyldi, og var loks samþykkt að fara vestur á land með viðkomu á Reykhólum og Bjarkarlundi.
3. Fundarstjóri las upp fundargjörð

frá fundi Kvennabandsins og bréf
frá áfengisvarnarnefnd í Reykjavík
Fundarkonur voru einróma mótfallnar
ar bruggun á áfengu öli, og var
stjórninni falið að tilkynna nefnd-
-inni það.

4. Þá var kosið í stjórn félagsins
þessar konur hlutu kosningu:
Ásdís á Staðarbakka Sigurlaug á
Brekkulæk og Þórdís á Saurum.
Í varastjórn Ingibjörg Bríem,
Gunnlaug í Ánesi og Elinbjörg á Búrfelli
Til að mæta á fundi Kvennabands-
-ins: Ingibjörg Bríem og Elinbjörg á
Búrfelli og til vara Gunnlaug og
Sigurlaug. Endurskoðandi: Sigríður á Barði
Til að sjá um barnaskemmtun:
Ásta á Svedjustöðum, Aðalheiði á Reykjum
Kristín á Söndum, Þóra á Urriðaá og
Ólöf á Svertingsstöðum. Fleira ekki
tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og
samþykkt. Fundi slitið.

Elinbjörg Jónsdóttir
- fundarritari -

5

# Fundargjörð.

Þann 5. júlí 1953 var aukafundur
haldinn í heimilisiðnaðarfél. [illegible]
að Ásbyrgi. Mættar voru 9 konur.
Fundinn setti form. Ásdís Magnúsd.
og ~~ritara~~ tilnefndi hún Gunnlaugu
Hannesd. sem fundarritara.
Fyrir fundinum lágu tillögur frá
aðalfundi í Kvennabandinu

1. Bygging dvalarheimilis fyrir aldrað-
fólk. þ.e.a.s. viðbótarbygging við
sjúkraskýlið á Hvammstanga.
Umræður urðu nokkrar og kom fram
svohljóðandi tillaga:

I Vilja félagar að tekin verði upp
samningar við sýslunefnd V.-Hún
um að reist verði bygging við
sjúkraskýlið á Hvammstanga og
verði þar dvalarheimili fyrir aldrað
fólk?

II. K.B. leggi fram ákveðna fjár-

upphæð til byggingarinnar, enda verði þar rúm fyrir minnst 12 vistm.
III. Sýslunefnd annist rekstur dvalarheimilisins með sjúkraskýlinu.
IV. Væri sýslunefnd fáanleg til að annast rekstur dvalarheimilisins á öðrum grundvelli?"
2. mál Fundurinn beinir þeirri ósk til K.B. að það beiti sér fyrir útvegun á sem varanlegustu jólaskrauti fyrir félagið, að verðupphæð Kr. 100.00 á veggskraut og Kr 150.00 á jólatrésskraut
3. Þar sem K.B. óskar eftir aðstoð félaganna vegna happdr. á Kvennabandsskemmtun ákvað fél. að veita alltað 300.00 kr. til kaupa á tveimur góðum happdrættismunum, og var Gunnlaugu í Ytriesi falin framkvæmd.
4. Fundur Hjá 5 júlí óskar þeirra breytinga á III. lið að tryggt verði að K.B. hafi íhlutunarrétt um rekstur dvalarheimilisins ásamt sýslunefnd og verði a.m.k. tveir fulltrúar frá K.B. í stjórn hverju sinni.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Gunnlaug Hannesdóttir
– fundarritari –

# Fundargjörð.

Þann 21. maí 1954 var aðalfundur
heimilisiðnaðarfél. „Iðja“ haldinn í Ásbyrgi
Fundinn setti form. félagsins Ásdís
Magnúsdóttir. Fyrir fundinum lá
bréf frá Ungm. fél. „Grettir“ vegna fyr-
-irhugaðrar viðbyggingar við Ásbyrgi
Fundarkonur samþykktu einróma
að ræða málið frekar við stjórn
Ungm. fél. Grettis, en mikill áhugi
áhugi ríkti fyrir væntanlegri
samvinnu um ~~málið~~ bygginguna
Samþykkt var að fresta samþykkt
reikninga til næsta fundar
Formaðurinn þakkaði frú Ingibjörgu Briem
fyrir vel unnin störf og samvinnu
innan félagsins (en hún flytur nú
burt af félagssvæðinu) samþykkt
var einróma að gjöra hana að
heiðursfélaga í Iðju.
Síðan fór fram stjórnarkjör og

var sama stjórn endurkjörin en
hana skipa: Ásdís Magnúsd, Sigurlaug
Friðriksd, og Þórdís Magnúsdóttir.
Í varastjórn: Elinbjörg Jónsd, Gunnlaug
Hannesd og Ólöf Pétursdóttir.
Fulltrúar á fund K.B. Elinbjörg Jónsd
og Ásdís Magnúsd, og til vara
Sigríður Jónsdóttir
Í veitinganefnd voru kosnar:
Gunnlaug í Árnesi, Ásdís Staðarbakka
Margrét á Torfust. Hólmfríður Sverlingsst
og Ólöf í Huppahlíð.
Ein kona gekk í fél. Unnur í Sinamnni
Þrjár konur fluttu burt af félags-
svæðinu þær Ingibjörg Briem,
Pálína Benediktsd og Margrét Guðmundsd
Samþykkt var að halda jólatrés-
skemmtun eins og undanfarin ár
að öllu forfallalausu. Fleira ekki
tekið fyrir. Fundi slitið

Gunnlaug Hannesd.
– fundarritari –

Fundargjörð.

Þann 19. júní 1955 var aðalfundur „Iðju“ haldinn að Ásbyrgi
Mættir voru 15 félagar. Formaður fél. Ásdís Magnúsd. setti fundinn og setti fundarritara Gunnlaugu Hannesd. var síðan tekið til fundarstarfa:
I. Lesnir upp reikningar fél. og þeir samþykktir.
II. Formaður las bréf frá K.S.B. vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við sjúkraskýlið á Hvammstanga sem hugsað er sem dvalarheimili fyrir aldrað fólk, og var svofelld ályktun gjörð:
„Aðalfundur heimilisiðnaðarfél. Iðju haldinn að Ásbyrgi 19. júní '55 ræddi bréf stjórnar K.S.B. frá 17. apríl þ.á., vegna ákvörðunar K.S.B. um að leggja fram kr. 200.000 - tvö hundruð þúsund krónur, til væntanlegrar viðbyggingar við sjúkraskýlið á Hvammstanga, og telur fundurinn sig samþykkan þeirri ákvörðun stjórnarinnar í aðalatriðum“
III. Lesin fundargjörð frá aðalfundi K.S.B., sem haldinn var að Hvalsstöðum 13. júní 1954.
IV. Rætt var um byggingu félagsheimilis að Ásbyrgi og las Gunnar Jónasson upp lög félagsheimilia.
Borin var upp svohljóðandi tillaga um þátttöku Iðju:
„Aðalfundur heimilisiðnaðarfél. Iðju haldinn að Ásbyrgi 19. júní '55 ákveður að verða aðili að væntanlegri byggingu félagsheimilis að Ásbyrgi með 10% framlagi móti U.m.f. Gretti og Ytri-Torfustaðahreppi og kýs einn mann í eigendanefnd, samkvæmt fyrirmælum samvinnusamnings“
Málið var þar með afgreitt.
V. Kosningar: Sama stjórn endurkosin

einnig endurskoðandi.
Fulltrúar á aðalfund K.B. þær
Ásdís Magnúsdóttir og Elínbjörg Jónsd.
og til vara Kristín Jónsd og Gunnlaug
Hannesd. Í eigendanefnd: Gunnlaug
Hannesdóttir og til vara Kristín Jónsd.
Í veitinganefnd: Aðalheiður á Reykjum,
Ásta á Svaðastöðum, Helga á Bessa-
stöðum, Þóra á Ytridalá og Sigr. í Langaðal.
VI. Önnur mál: Samþykkt var að breyta
reikningsári félagsins og miða við
almanaksár framvegis.
Helga á Bessastöðum ræddi um
að félagið keypti fermingarkyrtla
og var samþykkt að fela stjórninni
að athuga málið frekar.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Gunnlaug Hannesd.
– fundarritari –

# Fundargjörð.

Sunnudaginn 24. júní 1956 var
aðalfundur haldinn í heimilisiðn-
aðar fél. Iðja að Ásbyrgi.
Mættir voru 18 félagar. Form. félags-
ins Ásdís Magnúsd setti fundinn.
Lesnir voru upp reikningar fél.
og samþykktir.
Ákveðið var breyta stjórnarkosning-
um fél. þannig að aðeins ein kona
væri kosin í stjórnina á ári og sú sem
kosin væri það árið sæti í stjórn í
þrjú ár samfleitt.
Kosin var stjórn og voru þær Ásdís
Magnúsd. og Sigurlaug Friðriksd.
endurkjörnar og til viðbótar var
Helga Þorsteinsd. Endurskoðandi:
Sigríður Friðriksd. Fulltrúar á fund
K.B. Elínbjörg Jónsd og Sigríður
Jónsd. Fulltrúi í eigendanefnd:
Gunnlaug Hannesd.

Ásdís á Staðarbakka las upp bréf
frá Kvenfél. sambandi Íslands, þar sem
farið er fram á að félögin semji
útdrátt úr afisögu sinni, með það
fyrir augum að síðar verði unnið
úr þeim gögnum. Þrjár konur voru
kosnar til að vinna þetta verk, það
Ásdís á Staðarbakka, Gunnlaug í
Árnesi og Elinbjörg á Búrfelli.
Þá gat formaður þess að ferm-
ingarkyrtlar hefðu verið ófáan-
legir er leitað var eftir kaupum á
þeim. Þá var til umræðu erindi
frá K.B. varðandi það, hvernig
minnst skyldi 40 ára afmælis
sambandsins er verður 1958.
Var mælst til þess að kosin væri
ein kona úr hverju félagi til að
mæta sem fulltrúi á fundi er kynni
að verða haldinn varðandi þetta mál.
Kosin var Elinbjörg á Búrfelli og
til vara Sigríður á Laugabóli.

Nokkuð var rætt um þetta afmælis
mót og talið æskilegt að hafa
heimilisiðnaðarsýningu í sam-
bandi við það.
Elinbjörg á Búrfelli gat þess að
komið hefði fram á aðalfundi K.B.
fyrirspurn frá formanni ungmenna
sambandsins um hvort kvenfélögin
vildu ekki vera með í skógrækt
í sýslunni. Fundur K.B. vildi ekki
taka afstöðu í málinu nema,
leitað væri eftir áliti heima í
félögunum. Svohljóðandi tillaga
kom fram frá Elinbjörgu á Búrfelli:
„Aðalfundur Kvf. haldinn 24. júní '56
er samþykkur því að K.B. taki
þátt í stofnun skógræktarfélags
í sýslunni, ásamt U.m.s.V.Hún"
Formaður fél. skýrði frá að stjórn
félagsins lánað kr. 5000.oo úr sjóði
félagsins einni af félagskonum
var lánið veitt til 8 mánaða og á ábyrgð

stjórnarinnar. Hafði enginn neitt við þetta að athuga. Þá var rætt um væntanlega skemmtiferð á vegum K.V.H. og ákveðið að fara vestur á Snæfellsnes. Fleiri mál komu ekki fram. Fundi slitið

Helga Þorsteinsdóttir
– fundarritari –

Fundargjörð.

Þann 8. desember '56 var haldinn aukafundur í heimilisiðnaðar-félaginu Iðju og skýrði form. fundi. fyrir fundinum lá að svara bréfi frá Kvenfél. sambandi Íslands. Þar boðist er til að útvega heimilis-ráðunaut er leiðbeini með náms-skeiði í félaginu. Samþykkt var að taka þessu boði og hafa náms-skeið í viku, helzt á næsta vori. Einnig skýrði form. frá að búið væri að kaupa 8 fermingar-kyrtla, og var ákveðið að þeir skyldu afhentir sem gjöf til Melstaðar- og Staðarbakka kirkna og skyldi afhendingin fara fram á næstu páskum (1957.)
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ásdís Magnúsdóttir

## Fundargjörð

23. apríl 1957 var aðalfundur Kvfj. haldinn að Ásbyrgi. Fundinn setti formaður fél. Helga Þorsteinsd. síðan las hún upp skeyti er borist hafði frá frú Ingibjörgu Briem

1 Lesin var fundargjörð síðasta fundar

2. Tvær konur gengu í félagið. Þær Sigríður Kolbeins og Guðrún Benediktsd.

3. Gjaldkeri fél las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir.

4. Kosin stjórnarkona í stað Sigur-laugar Friðriksd. Kosin var Sigríður Jónsd. Laugabóli.

5. Kosnir fulltrúar á fund K.B., þær Elinbjörg á Búrfelli og Sigríður Jónsdóttir og til vara Ásdís á Staðarb.

6. Kosin veitinga nefnd: Sigríður á Barði Sigríður Kolbeins, Þórdís á Saurum Kristín á Söndum, Margrét á Torfustöðum og Guðrún á Bálkastöðum

# Kvennabandið

Í VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLU

## 40 ára

15. JÚNÍ

1958

króna
spurnin
félags-
róna
ld)
nd,
hún
nefnd.
á Barði
ð:
i Ingi-
nsheið
n.k.
d.

## DAGSKRÁ

Kl. 2 e. h. Afmælishátíðin hefst með guðsþjónustu.
Séra Yngvi Þ. Árnason.

Kl. 4 — KAFFIDRYKKJA
Veitingum stjórnar frk. Benný Sigurðardóttir.

Kl. 7 — LEIKSÝNING
Leikstjóri frú Marta Albertsdóttir.

MYNDASÝNING
Kvikmynd Kaupfélags Vestur-Húnvetninga.
Skýringar flytur Halldór Jóhannsson.

KÓRSÖNGUR
Kvennabandskonur syngja.
Stjórnandi frú Ingibjörg Pálsdóttir.

ALMENNUR SÖNGUR
með undirleik Karls Hjálmarssonar.

DANS

HEIMILISIÐNAÐARSÝNING
*verður í skólanum, opin allan daginn.*

## NOKKUR ATRIÐI

*úr sögu Kvennabandsins í Vestur-Húnavatnssýslu*
*fyrstu 40 starfsár þess*

Hinn 15. júní 1918 var almennur kvennafundur haldinn að Sveinsstöðum í Þingi að tilhlutun kvenfélagsins „Freyja" í Víðidal. Formaður Freyju, frú Jónína S. Líndal á Lækjamóti, boðaði til fundarins í þeim tilgangi að stofna samband kvenfélaga í Húnavatnssýslum. Var sambandið stofnað á þessum fundi, og hlaut það nafnið „Sambandsfélag Húnvetninga". Árið 1922 var nafni þess breytt, og heitir það síðan Kvennabandið. Náði sambandið þá um tíma yfir Vestur-Húnavatns- og Strandasýslu, en sambandssvæðið er nú Vestur-Húnavatnssýsla.

Tilgangur sambandsins hefur frá upphafi verið að efla og auka félagsskap og samvinnu kvenna á sambandssvæðinu, og að vinna að hverskonar þjóðnytja- og menningarmálum. Það hefur beitt sér fyrir og haldið uppi ýmiskonar fræðslustarfsemi, svo sem námsskeiðum, þar sem tilsögn hefur verið veitt í *matreiðslu, saumum, vefnaði* og *garðyrkju.* Þá átti sambandið lengi fulltrúa í skólaráði húsmæðraskólans á Blönduósi. Af öðrum málum, sem sambandið hefur unnið að, má nefna stofnun *byggðasafns* í sýslunni. En stærsta viðfangsefni Kvennabandsins er fjársöfnun til byggingar dvalarheimilis fyrir aldrað fólk á sambandssvæðinu og forganga í því máli. Varð að samkomulagi milli sambandsins og sýslunefndar V.-Húna-

vatnssýslu, að slíkt heimili verði í hluta af þeirri viðbyggingu sjúkrahússins á Hvammstanga, sem nú er í smíðum, og leggur Kvennabandið fram 200 þúsund krónur til byggingarinnar.

Fyrsti formaður sambandsins, frú Jónína S. Líndal á Lækjamóti, var meðal brautryðjenda í félagsmálum kvenna hér á landi, og stjórnaði hún sambandinu með miklum dugnaði á þeim árum, þegar félagsstarf var miklu örðugra en síðar varð. Hún var formaður sambandsins frá stofnun þess, 1918, til 1950. Með frú Jónínu voru í fyrstu stjórn sambandsins þessar konur:

Rannveig Stefánsdóttir á Flögu, ritari,
Elísabet Eiríksdóttir á Sveðjustöðum, féhirðir.

Aðrar konur í stjórn sambandsins hafa verið:

Ingibjörg Briem á Melstað,
Salóme Jóhannesdóttir á Söndum,
Steinsvör Benónýsdóttir á Hvammstanga,
Margrét Jóhannesdóttir á Hvammstanga.

Núverandi stjórn þess skipa:

Jósefína Helgadóttir, Laugarbakka, formaður,
Gróa Oddsdóttir, Þóroddsstöðum, ritari,
Kristín Gunnarsdóttir, Auðunnarstöðum, féhirðir.

Nú eru átta félög í sambandinu.

Kvennabandið hefur notið nokkurs fjárstuðnings til starfsemi sinnar frá ríkissjóði, Búnaðarsambandi V.-Húnavatnssýslu og Kvenfélagasambandi Íslands af því fé, sem það fær frá ríkissjóði.

Á 40 ára afmæli sambandsins, 15. júní 1958

STJÓRN KVENNABANDSINS

---

16. mars 1957.

Til

heimilisiðnaðarfélagsins Iðju,

M i ð f i r ð i.

Elskulegu vinkonur!

Innilega gladdi það mig að fá nýársskeytið í vetur. Beztu þakkir til ykkar allra fyrir ógleymanlegar samverustundir. - Guð blessi ykkur og heimili ykkar - Lifið heilar

ykkar vinkona

Ingibjörg

Iðnaðar

1. gr.

Nafn félagsins er: „Heimilisfélagið Iðja"
Starfssvæði þess er Ytri-Torfustaðahreppur.

2 gr.

Tilgangur félagsins er: Að efla heimilisiðnað í hreppnum með því að sjá meðlimum sínum fyrir vélum til iðnaðar svo sem spunavélum, vefstól og fl. eftir því sem efni og ástæður félagsins leyfa, gegn afnotagjaldi, sem aðalfundur félagsins ákveður ár hvert.

3. gr.

Félaginu stjórna 3 konur, sem kosnar eru á aðalfundi ár hvert, ásamt varamönnum og einum endurskoðanda. Konum er ekki skylt að taka við endurkosningu lengur en þrjú ár í senn.

4. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn í júní eða júlímánuði ár hvert. Þar skulu

7. Ákveðið var að taka fimm króna gjald fyrir hverja vél sem spunnin er framvegis á spunavélar félagsins

8. Ákveðið var að greiða 10/ króna árgjald framvegis (félagsgjald)

9. Kosin ein kona í eigendanefnd, Gunnlaug í Árnesi og var hún einnig kosin í fjáröflunarnefnd.

10. Kosinn endurskoðandi: Sigríður á Barði

11. Samþykkt var að taka á móti ráðunaut K.S.Í. fr.k. Steinunni Ingimundardóttur, er heldur námskeið á vegum félagsins í maí n.k.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Gunnlaug Hannesd.
-fundarritari-

# Fundargjörð

Þann 31. mars 58 var aðalfundur „Esju“ haldinn að Ásbyrgi. Mættar voru 15 konur
Formaður Helga Þorsteinsdóttir setti fundinn og nefndi fundarritara Gunnlaugu Hannesd.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, einnig fundargjörð afmælisnefndar K. B. frá 20 sept. 1957.
2. Tilnefndar konur til að safna munum á heimilisiðnaðarsýningu, sem halda á í Reykjaskóla í tilefni af 40 ára afmælishátíðar K.B. Þær Helga Þorsteinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Ásdís Magnúsdóttir og Þórdís Magnúsdóttir
3. Gunnlaug Hannesdóttir gjörði grein fyrir félagsheimilis byggingu sem „Esja“ stendur að ásamt Umf. og hreppsfélagi. Einnig gat hún þess að frk. Halldóra Bj. Eggertsdóttir námstjóri hefði komið á s.l. hausti og athugað aðstæður til matreiðslukennslu í Ásbyrgi í sambandi við sundnámskeið unglinga. og taldi hún hentugra að bíða þar til hægt yrði að nota rafmagnseldavélar í eldhúsi.
4. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins.
5. Kosningar. Ein kona kosin í stað Ásdísar Magnúsdóttir, sem ganga átti úr stjórn. Kosningu hlaut Kristín Jónsd. Söndum. Fulltrúar á aðalfund K.B. Ásdís Magnúsd. og Gunnlaug Hannesd. Eigendanefnd fél. Heimilisbyggingar Gunnlaug Hannesd. og einnig í fjáröflunarnefnd.
Veitinganefnd: Guðrún Benediktsd. Elinbjörg Búrfelli. Sigríður Kolbeins. Ólöf Huppahlíð Þórdís Magnúsd. Ásdís Magnúsd. Ólöf Pétursd
Endurskoðandi: Sigríður Friðriksd.
6. Rætt var um að fara í skemmtiferð á næsta sumri ef ástæður leifðu.

Fleira ekki tekið fyrir.
fundi slitið.
Gunnlaug Hannesdóttir
fundarritari

Fundargjörð.

22. mars 1959, var aðalfundur Heimilis-iðnarfel. Tóvja settur og ~~ha~~ haldinn að Ásbyrgi. Fundinn setti formaður félagsins Helga Þorsteinsdóttir og nefndi til fundar-ritara Ásdísi Magnúsdóttir.

Gjaldkeri félagsins Sigríður Jónsdóttir las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir án athugasemda

I. Tekið fyrir af formanni, sagði frá því að á síðast liðnu hausti hefði stjórnin fest kaup á ljósleikninga lampa og óskaði eftir að félagarnir ræddu um fyrir komulag á notkun hans.

Samþykkt var að fjórar konur skyldu semja ~~um~~ reglur um notkun lampans kosnar voru þær Sigríður í Laugaboli, Ólöf á Svertingsstöðum, Ásdís Staðarbakka og Guðfinna Ósi

II Formaður upplýsti að á komandi vori yrði Tóvja 25 ára og spurði hvort félagar vildu á einhverði hátt minnast afmælisins. Var málið rætt og samþykkt að minnast þess á þann hátt að fara í skemmtiferð.

III Formaður sagði frá að blindravinafél Íslands hefði verið sendar að gjöf 500 krónur

IV Lesin var upp aðalfundargjörð K.B.

V Kosin var ein kona í stjórn í stað Helgu Þorsteinsdóttir. kosningu hlaut Ólöf Pétursdóttir með 9 atkvæði og til vara Ásdís Magnúsdóttir með 3 atkv. endurskoðandi Sigríður Friðriksdóttir.

VI Kosnir tveir fulltrúar á aðalfund K.B. þær Helga á Bessastöðum, Guðrún á Grund, Þóra á Urriðaá, Þórdís á Saurum, Gunnlaug í Árnesi og Aðalheiður á Reykjum

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Ásdís Magnúsdóttir.
(fundarritari)

# Fundargjörð

Þann 22. maí 1960 var aðalfundur Heimilisiðnaðarfélagsins Iðja haldinn í Ásbyrgi. Mættir voru 12 félagar. Fundurinn hófst á því að féhirðir las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir. Formaður ræddi störf félagsins á liðnu ári. Lesin var fundargerð aðalfundar Kvennabands V-Hún vorið 1959 og voru nokkur atriði hennar rædd. Gunnlaug Hannesd. talaði um framkvæmd-ir við byggingu félagsheimilisins og verkaskiptingu innan nefnda þess. Rætt var um söfnun til byggðasafns V-Hún og bar Gunnlaug Hannes-dóttir upp tillögu um að skora á byggðasafnsnefnd V-Hún að auka aðgerðir í málinu. Einnig var rætt um erindi K.Í um ~~af~~ orlofsheimilis-sjóð og var fundurinn mótfallinn

þátttöku félagsins í því máli.

Kosin var ein kona í stjórn í stað Sigríðar í Laugabóli. Kosin var Ásdís á Staðarbakka og til vara Gunn-laug í Árnesi. Fulltrúar á Kvenna-bandsfund, þær Ólöf á Efri-Svertings-stöðum og Ásdís á Staðarbakka og í fjáröflunarnefnd Helga á Bessast. Í félagsheimilisnefnd: Gunnlaug í Árnesi. Í veitinganefnd: Ólöf í Hlíð, Sigríður á Barði, Margrét á Torfust. Ásdís á Staðarbakka, Gunnlaug í Árnesi.

Í félagið gekk Helga Jóhannesd. í Ásbyrgi. Ákveðið var að fara í eins dags skemmtiferð á vegum félagsins.

Fundargerðin upplesin og sam-þykkt án athugasemda.

Fundi slitið.

Ásdís Magnúsd.
– fundarritari –

Þann 25. nóv. 1960 var haldinn
aukafundur í Heimilisiðnaðarfél. Afhr.
að Efri-Svertingsstöðum. Mættir voru
11 félagar. Fundinn setti form. Kristín
Jónsd. og nefndi til fundarritara
Ásdísi Magnúsd.
Tekið var til umræðu hvað gert
skyldi við vefstól félagsins, og var
ákveðið að hann skyldi ekki seldur
að svo stöddu, en Gunnlaug Hannesd.
beðin að geyma hann til vors.
Kristín Jónsd. bar fram fyrirspurn
frá form. K.B. hvort konur í Afhr.
vildu gefa 1 stk. hver á væntanlegan
bazar á sumarhátíð K.B. á næsta
sumri og samþykktu konur að
verða við þeirri bón.
Talað var um að stofna sjóð er var-
ið skyldi til kaupa á minningar-
gjöf um sr. Jóhann Kr. Briem frá
Melstað.
Rætt var um að stofna til sjálfboða-

vinnu við félagsheimilisbygginguna
og leggði hver félags kona fram 3 dagsverk
gegn því að ungmennafélagið leggði
fram jafnmörg dagsverk á hvern
sinn félaga og var það samþykkt.
Fundargerðin upplesin og sam-
þykkt.

Ásdís Magnúsd.
— fundarritari —

# Fundargjörð.

Sunnudaginn 28. maí 1961 var aðalfundur „Iðju“ haldinn að Ásbyrgi. Mættar voru 14 félagskonur.
Formaður Kristín Jónsdóttir setti fundinn, og nefndi til fundarstjóra Ásdísi Magnúsdóttur, sem kvaddi til fundarritara Helgu Þorsteinsdóttur
Var þá tekið fyrir

1. Féhirðir las reikninga félagsins og voru þeir samþykktir eftir nokkrar umræður.
2. Gunnlaug Hannesdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsheimilisins fundarkonum til fróðleiks.
3. Lesnar voru fundargerðir frá fyrra ári.
4. Fyrirspurn kom um hvort konur væru samþykkar að fækka miðum í happdrætti K. B. og selja þá á fimm krónur í staðinn fyrir 2.50 áður. Samþykkt.
5. Lesin fundargerð aðalfundar K. B.
6. Kristín á Söndum skirði frá því að vefstóllinn yrði nú fyrst um sinn geymdur að Staðarbakka.
7. Lesið þakkarávarp frá Benedikt Grímss Kirkjubóli og húseigendanefnd „Sævangs“ fyrir smágjöf sem ferðafélagar úr Miðfirði sendu fyrir góðar móttökur síðastliðið sumar.
8. Samþykkt að gefa barnaskóla Ytri-Torfustaðahrepps ljóslækningalampann.
9. Gerð grein fyrir fjársöfnun í minningarsjóð séra Jóhanns Kr Briem. Ákveðið að fela stjórninni áfram haldandi söfnun og var einni konu bætt við Jósefínu Helgadóttur.

Var þá gengið til kosninga.
Í stjórn var kosin í stað Kristínar á Söndum Sigríður Kolbeins með 12 atkvæðum.
Í bókunarnefnd Helga Bessast. Helga Ásbyrgi, Aðalheiður Reykjum

Guðfinna Syðsta-Ósi og María Torfust.
Kosnir fulltrúar á sambandsfund
K. B. Þórdís Magnúsdóttir og
Ásdís Magnúsdóttir og sé Þórdís
einnig í fjáröflunarnefnd.
Rætt var um að stjórnin fengi hvar
konur sér til aðstoðar við hverja
skemmtun sem haldin er og sé
þeu skift á milli félagskvenna.
Til aðstoðar við næstu skemmtun
voru kosnar Þórdís Magnúsdóttir og
Gunnlaug Hannesdóttir, og á þar
næstu Sigurlaug Brekkulæk og
Ólöf í Hlíð.
Rætt var um að fara í skemmtiferð
einn dag fyrir slátt.

Fundi slitið

Helga Þorsteinsdóttir
-fundarritari-

# Fundargjörð

29. Apríl 1962 var aðalfundur Fjóla haldinn að Ásbyrgi
Mættar voru 13 konur.

1. Formaður las fundargjörð síðasta fundar og stýrði fundinum. Nefndi form. til fundarritara Gunnlaugu Hannesd.
2. Lesin fundargjörð frá síðasta aðalfundi Kvennabandsins.
3. Gjaldkeri las reikninga félagsins og voru þeir samþykktir.
4. Gjörð var grein fyrir byggingu félagsheimilisins Ásbyrgi og kostnaði, sem um áramót '61-'62 nam krónum 673.671.
5. Gunnlaug Hannesd. bar fram tillögu um að hlutur Fjólu færist í eignareikning frá ári til árs og verði lagður fram á næsta aðalfundi; og var það samþykkt.
6. Lesið var bréf frá Jóhannesi Björnss., sem þakkaði f.h. barnaskólans fyrir ljóslækningalampa, sem fél. gaf

síðastliðið ár

7. Samþykkt var að gefa plastpoka til geymslu á fermingarkyrtlum í Melstaðarkirkju, en kyrtlar þessir voru gefnir til afnota fyrir Staðarbakkakirkju einnig. Helga Þorsteinsdóttir hafði orð fyrir gjöf þessari

8. Formaður las upp lög um orlofsdvöl húsmæðra og var það mál rætt nokkuð.

9. Gjörð var grein fyrir minningarsjóði sr. Jóhanns Briem og rætt um minningargjöf um hann, til Melstaðarkirkju. Var stjórninni falið að leita upplýsinga um verð á hljóðfæri eða upplýstum krossi á kirkjuna.

10. Ákveðið var að hækka félagsgjöld í krónur 30/- á ári

11. Kosningar: Í eigendanefnd Félagsheimilisins Ásbyrgi Helga Þorsteinsd. Í stjórn var kosin ein kona í stað Ólafar Pétursdóttur. Kosin var Gunnlaug Hannesdóttir með 10 atkvæðum. Fulltrúar á aðalfund K.B. voru kosnar Þórdís Magnúsd. og einnig í fjáröflunarnefnd, sem fulltrúi Gunnlaug Hannesd. og til vara Ólöf Pétursdóttir

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið:

Gunnlaug Hannesd.

Fundargerð

Sunnudaginn 2. september '62 var fundur haldinn að Ásbyrgi í heimilisiðnaðarfélaginu Iðju.
~~Form~~ Formaður, Gunnlaug Hannesd. setti fundinn og nefndi til fundarritara Sigríði Friðriksd.

Málefnið, sem hún lagði fyrir fundinn var viðvíkjandi Minningargjafasjóði sr. Jóhanns Kr. Briem hvort ekki skyldi halda áfram með að verja honum fyrir kross á Melstaðarkirkju, og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Síðan voru umræður um framkvæmdir á því, og var stjórninni falið að annast þær.
Síðan var talað um vinnuskiptingu á skemmtununum, og ákveðið að skipta félagssvæðinu eftir símalínum, þannig að konur af hverri símalínu annist vinnu á hverri skemmtun og var dregið milli línanna, hver skildi byrja og kom upp nafn Vesturssíðu og næst skal Kirkjalína sjá um skemmtun. Þá Austursíðu og þannig áfram í röð.
Tillagan samþykkt.

Fundi slitið

Sigríður Friðriksd.
fundarritari.

## Fundargerd.

Miðvikud. 15 mai 1963 var aðalfundur heimilisiðnaðarf. Iðju haldinn að Ásbyrgi. Formaður Gunnlaug Hannesd. setti fundinn og stjórði honum. Mynntist hún að þetta var 29. fundur frá stofnun félagsins. og að ein kona úr fyrstu stjórn var mætt, Hólmfríður Bjarnad. Ásdís Magnúsd. las tvær fundargerðir frá síðustu fundum og gjaldkeri las reykninga félagsins og voru þeir samþykktir. Formaður talaði um fjáröflun síðasta árs og byggingu félagsheimilisins. sem ákveðið er að haldið verði áfram með á þessu ári. Ásdís Magnúsd. las úr greinargerðum um orlofsmál og mælti fyrir þeim málum.

Formaður gat um að minningargjafasj. Sr. Jóh. Kr. Briem væri en opinn til söfnunar. en uppgjör stæði til. og gerði hún fyrirspurn til fundarins. hvort ekki skyldi kjósa endurskoðanda reykninga sjóðsins. er hann verður gerður upp. væntanl. fyrir næsta fundi; var það samþykkt.

Hólmfríður Hvessingsst. las bréf frá Frú Elínu Briem, þar sem hún þakkar minningargjöfina um bróður sinn. einnig skilaði Helga Bessastöðum kveðju og þakklæti frá Ingibjörgu Briem.

Elínbjörg Búrfelli rifjaði upp úr gömlum fundargerðum að samþykkt hefði verið að merkja leiði Vatnsenda Rósu í Núpskirkjugarði. Þetta hefði farist fyrir. sennilega fyrir fráfall þeirra kvenna. sem töluðu fyrir því máli. Vegna þessa sendir fundurinn K. B. svohljóðandi tillögu: „Þann 15. mai 1963 á aðalfundi Iðju í Miðfirði. kom fram tillaga. um að leiði Vatnsenda Rósu í Efra Núpskirkjugarði yrði auðkennt með áletraðri plötu (steyptri steinplötu) og verði verkið framkvæmt hið fyrsta á vegum Kvennabands V.-Hún sem hefði alla forgöngu í málinu."

Eftir kaffiklé barst talið að fjáröflunar-
leiðum, og var samþykkt að hafa
þögglauppboð – og reyna að hafa jólakort
til sölu og Ásdísi Magnúsd. falin
framkvæmd þess. Lesin var upp
fundargerð K.B. Hólmfr. Bjarnad.
afhenti félaginu að gjöf kr. 1000.00
sem formaður þakkaði. Ein kona
gekk í félagið. Guðrún Búrfelli.
Í stjórn var kosin ein kona í stað
Ásdísar Magnúsd. og var Helga Bessast.
kosin með 8 atkv. og í varastjórn Þórdís
Laurum með 5 atkv. Fulltrúar á
Kvennabandsfund voru kosnar
Helga Bessast., Elinbjörg Búrfelli. og
Þórdís Laurum í fjáröflunarnefnd K.B.
Í skemmtinefnd voru kosnar Anna
Jörgensdóttir og Guðrún Búrfelli.
Endurskoðandi var kosinn Sigurlaug Bakka.
Í eigendanefnd félagsheimilisins Ásbyrgi
Þórdís Laurum. Til að endursk. reikninga
minningargj.sj. Sr. Jóh. Kr. Briem var kosinn Jóh. Björns.
Fundi slitið.
Sigríður Friðriksd. fundarritari

# Fundargerð.

Þriðjudaginn 3 mars 1964 var haldinn
aukafundur í Kvenfj. Iðju í Ásbyrgi.
Formaður, Gunnlaug Hannesdóttir, setti
fundinn og nefndi til fundarr. Ásdísi á
Staðarbakka. Mættir voru 15 félagar.
Fyrir fundinum lá, að ræða félagsheimil-
isbygginguna. Fulltrúi Iðju í eigendanefnd,
Þórdís á Laurum skýrði frá nýafstöðnum
fundi í eigendanefnd, þar sem rætt hafði
verið um áframhaldandi framkvæmdir við
félagsheimilisbygginguna, og einnig að komið
hefði til umræðu á fundinum að tveir
aðilar, ungm.fél. og kvenfélagið lækkuðu
sína aðildarhluta í byggingunni: Upplýst
hafði verið, að búið væri að leggja í bygging-
una um það bil 660 þús. á þessu ári.
Formaður ræddi um sjálfboða eða þegn-
skylduvinnu í kvenfélaginu Formaður
bar fram eftirfarandi tillögu.
Fundur í kvenfélaginu Iðju, haldinn að
Ásbyrgi 3 mars 1964 samþykkir að félags-

konur leggi fram 1-2 dagsverk í sjálfboðavinnu vegna félagsheimilisins Ásbyrgis á þessu ári, eða tilsvarandi peninga upphæð, og vænta félagskonur þess að framkvæmdanefnd félagsheimilisins sjái til þess að einhver verkstjóri verði á staðnum til að leiðbeina og stjórna vinnunni og gjöri félagskonum aðvart, þegar þörf er fyrir vinnuna."
Tillagan samþykkt samhljóða.
Rætt var um ýmsar fjáröflunarleiðir. Samþykkt var að hafa basar og hlutaveltu á þessu ári, og leggja ágóðann í félagssjóð og voru kosnar konur í framkvæmdanefnd fyrir hvoru tveggja.
Rætt var um að koma á þriggja kvölda spilakeppni og var samþykkt að koma því sem fyrst í framkvæmd.
Ákveðið var að fresta til næsta aðalfundar ákvörðun um hvort lækka skuli að ildarhlutfjöðju í félagsheimilisbyggingunni en málið var rætt fram og aftur. Fleira ekki tekið fyrir en á eftir var sameiginleg kaffidrykkja, og eftir það

var skuggamyndasýning. Sr. Gísli sýndi, og því næst upplestur. Aðalheiður á Reykjum las.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð upplesin og samþykkt

Ásdís Magnúsdóttir
fundarritari.

# Fundargerð

Miðvikudaginn 29 apríl 1964 var aðalfundur kvenfélagins Iðju haldinn að Ásbyrgi. Fundinn sátu 12 félagskonur.

[illegible] dóttir, gat ekki mætt vegna sjúkdómsforfalla, og stjórnaði Helga Þorsteinsdóttir fundinum í hennar stað.

I Lesnar voru fundargerðir og bréf frá þeim Ilse Björnsson og Þórdísi Magnúsd. þar sem þær segja sig úr félaginu Sigríður Kolbeins las upp reikninga félagins og voru þeir samþykktir. Fundarstjóri upplýsti að félagið væri búið að greiða 20 þúsundir til félagsheimilisins fyrir árið '63.

II Kosningar: Kosin ein kona í stjórn í stað Sigríðar Kolbeins, en hún var endurkosin með öllum atkvæðum. Kosnir tveir fulltrúar á aðalfund K. B., og einn í fjáröflunarnefnd. Kosningu hlutu, sem fulltrúar Elínbjörg á Búrfelli og Guðfinna á Syðsta-Ósi, og Elínbjörg einnig kosin í fjáröflunarnefnd. Kosin ein kona í eigendanefnd. Anna Jörgensdóttir með 5 atkvæðum. Kosin ein kona í varastjórn, Aðalheiður Ólafsdóttir með 6 atk. Kosin endurskoðandi; Sigurlaug á Brekkulæk með samhljóða atkvæðum

III Önnur mál: Sigurlaug á Brekkulæk og Helga á Bessastöðum vöktu máls á hvort konum virtist ekki tiltækilegt að gera tilraun með kartöflurækt og afla með því fjár í félagssjóð. Urðu talsverðar umræður um málið og áhugi hjá konum með að gera tilraun með þetta. Kosnar voru 4 konur til að athuga og undirbúa frekari framkvæmdir, þær Helga á Bessast. Sigurlaug á Brekkulæk, Aðalheiður á Reykjum og Anna á Ósi. Málið tekið út af dagskrá.

VI Rætt var um aðildarhluta Iðju í félagsheimilisbyggingunni og ákvað fundurinn að engu skyldi breytt með hlut félagsins að svo stöddu.

V Kosnar voru til að sjá um jólakortagerð fyrir næstu jól, þær Sigríður á Melstað, Gunnlaug í Arnensi, Guðrún á Búrfelli og Ásdís á Staðarbakka.

VI Samþykkt var að gefa byggðasafnsnefnd kost á elstu spunavél félagsins í byggðasafnið á Reykjatanga.

VII Stjórninni falið að athuga með að koma í kring skemmtiferð fyrir félagskonur.

VIII Rætt um vinnuskiftingu í sambandi við að taka á móti aðalfundi Kvennabandsins 7 maí næst komandi.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið

Ásdís Magnúsdóttir
fundarritari.

Fundargerð.

Þann 20 nóv. 1964 var haustfundur Iðju haldinn á Melstað. Fundinn sátu 14 félagskonur. Formaður, Gunnlaug Hannesdóttir setti fundinn og stjórnaði honum, nefndi hún til fundarritara Ásdísi Magnúsdóttur. Formaður félagsins ræddi um félagsstarfið í sumar. Haldin var hlutavellta í Reykjask. basar á Hvammstanga og ræktaðar gulrófur og seldar til ágóða fyrir félagið, einnig undirbúin jólakortasala.

Helga Þorsteinsdóttir las upp fundargerð síðasta fundar

Sigríður Kolbeins las upp starfsskýrslu frá síðustu áramótum. Hreinn ágóði af starfseminni varð 37 508,00 krónur

Einnig ræddi Sigríður nokkuð um afstöðu Iðju til félagsheimilis byggingarinnar.

Rætt var um væntanlega félagsstarfsemi í vetur og næsta vor. Höfðu félagskonur mikinn áhuga fyrir áframhaldandi garðrækt, og einnig að reynt verði að halda hlutavelltu eða basar.

Skorað var á þær 4 konur, er verið hafa

i garðyrkju, að starfa næsta ár. Kosnar voru tvær konur í nefndina til viðbótar, þær María og Margrét á Torfustöðum. Var þessari nefnd falið að annast allan undirbúning garðyrkjunnar næsta ár. Rætt var um undirbúning að jólatrésskemmtun og ákveðið að hafa hana í sama formi og verið hefur.

Gunnlaug bar upp þá fyrirspurn, hvort konur vildu koma saman öðru hvoru í vetur, með handavinnu sína og gera sér eitthvað til dægrastyttingar. Var vel tekið í það og ákveðið að hittast snemma í des.

Samþykkt var, að halda basar næsta haust, og var stjórninni falið í því sambandi að útvega ullarband, til að vinna úr nærföt og hosur.

Gunnlaug skýrði frá samþykkt, sem gerð var á síðasta aðalfundi K.B., varðandi dægrastyttingu handa gamla fólkinu á Dvalarheimilinu. Skyldi hver félag sjá um dagskrá og heimsókn einu sinni í mánuði yfir haust og vetrarmánuðina

Formaður bar fram svohljóðandi tillögu.

Fundur í kvenfélaginu Iðju, haldinn að Melstað 20 nóv. 1964, beinir þeirri áskorun til hreppsnefndar Ytri-Torfustaðahrepps, að hlutast til um að sett verði upp aðvörunar merki við veginn, sem liggur gegn um þorpið Laugarbakka, móts við barnaskólann í Ásbyrgi og séu merkin þannig, að um takmarkaðan ökuhraða verði að ræða og einnig verði sett upp umferðamerki er einkennd eru fyrir barnaskóla.

Einnig beinir fundurinn þeirri eindregnu áskorun til hreppsnefndarinnar, að á sama stað verði sett upp fullkomin götulýsing hið allra fyrsta.

Tillagan samþykkt í einu hljóði.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Ásdís Magnúsdóttir
fundarritari.

Fundargerð.

Þriðjudaginn 15 júní 1965 var aðalfundur kvenfélagsins Iðju haldinn í Ásbyrgi:

Formaður félagsins Gunnlaug Hannesdóttir setti fundinn og tilnefndi Ásdísi Magnúsd. sem fundarritara.

Helga Þorsteinsd. las upp fundargerð síðasta fundar

Sigríður Kolbeins las upp reikninga félagsins og skýrði þá. Reikningarnir samþykktir án athugasemda.

Gunnlaug Hannesdóttir færði konunum þakkir stjórnarinnar fyrir marg víslega vinnu og gjafir í þágu félagsins. Einnig las hún upp fundarboð aðalfundar K.B. sem fyrirhugaður er 17 júní n.k.

Lesið var bréf til Iðju þar sem beðið var um fjárstyrk til fyrirhugaðs munaðarleysingja heimilis á Stokkseyri. Fundurinn taldi sér ekki fært að sinna þessari beiðni.

Gunnlaug ræddi orlofsmál og hvatti konur til að nota sér orlof.

Helga Þorsteinsd. las upp síðustu aðalfundargerð Kvennabandsins.

Gunnlaug bað konur að láta í ljós álit sitt um tekjuöflun og var málið mikið rætt. Samþykkt var að reynt skyldi að fá kvikmynd til sýningar í Ásbyrgi og hafa basar og hlutavelltu ef hægt yrði.

Samþykkt var að gera Hólmfríði Bjarnadóttur að heiðursfélaga. Hólmfríður hefur verið ~~mjög~~ lengi í félaginu og verið mjög góður félagi.

Kosningar: 1 kona í stjórn í stað Gunnl. Hannesdóttur, sem ekki gaf kost á endurkjöri. Kosin var Guðrún Guðmundsdóttir Bjarnfelli með 11 atkvæðum og til vara Kristín á Söndum.

Kosnar tvær konur til að mæta á aðalfund K.B. þær Elinbjörg á Bjarnfelli og Helga á Bessastöðum og til vara Kristín á Söndum.

Kosin ein kona í eigendanefnd, Aðalheiður á Reykjum

Kosin basarnefnd: Sigurlaug á Brekkulæk, Ásdís á Staðarbakka, Gunnlaug í Ánesi x

Helga á Bessastöðum, Kristín á Söndum og María á Torfustöðum.
Kosið í hlutaveltu nefnd. Guðrún á Bálkast. Guðfinna á Syðsta-Ósi, Helga í Ásbyrgi og Aðalheiður á Reykjum
Fleira ekki tekið fyrir Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið

Ásdís Magnúsdóttir
fundritari.

# Fundargjörð.

Fimmtudaginn 18 nóv. 1965 var fundur haldinn í kvenfélaginu Iðju í Ásbyrgi.
Formaður, Guðrún á Bárfelli setti fundinn og stýrði honum. Talaði hún fyrir því að kvenfélagið keypti 100 bollapör og diska og 50 teskeiðar, og skyldi það helst vera búið fyrir árnót, svo nota mætti bollana á barnaballið. Var það samþykkt.
Þá mynntist Guðrún á barnaballið og óskaði að miðlinan sæi um það. Samþykkt.
Ákveðið var að halda áfram að hittast einu sinni í mánuði, að gamni sínu og byrja í jan hjá Ástu í Brúarholti.
Einnig var ákveðið að hafa spilakvöld þegar kæmi fram á veturinn ef hægt væri.
Samþykkt var að reyna að halda áfram með öskuvekt, og tala um framkvæmd þess á skemmtifundunum síðar í vetur.
Samþykkt var að taka móti samskotum frá félagskonum til að standa undir bollakaupunum til að rýra minna félagssjóðinn.
Fleira ekki tekið fyrir Fundi slitið
Helga Þorsteinsdóttir fundarritari.

Föstudaginn 20 maí 1966 var aðalfundur Iðju haldinn á Reykjum. Helga Þorstein. setti fundinn og nefndi til fundarritara Ásdísi Magnúsdóttir. Helga lét þess getið að form. fél. Guðrún Guðmundsd. á Búrfelli, hefði sagt af sér formannsstörfum. Helga las upp fundargerðir. Haldinn var aðalfundur og einn aukafundur. Sigríður Kolbeins las upp-reikninga félagsins voru þeir samþykktir án athugasemda.
Kosningar: Kosin án kosn í stjórn!
Sigurlaug Friðriksd. með 4 atkvæðum og til vara Ásdísi Magnúsdóttur. með 3. atkvæðum. Kosin endurskoðandi Sigríður Friðriksd. Sigríður Kolbeins ræddi um hvort félögum væri tiltækilegt að halda dansleik í félagsheimilinu í sumar. Málið nokkuð rætt, ásamt væntanlegu starfi félagsins í rekstri félagsheimilisins. Samþykkt var að hafa dansleik og helst að fá húsið til þess í ágúst. Ekki neitt ákveðið um fjáröflun félagsins

á sumrinu. Endurkosin hlutaveltunefnd er kosin var á aðalfundi í fyrra. Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið

Ásdís Magnúsdóttir
fundarritari

# Fundargjörð

Þann 7 júní 1966 var haldinn aukafundur í kvennfel. Fdju. Formaður Helga Þorsteinsdóttir setti fundinn og nefndi til fundarritara Ásdísi Magnúsd. Fyrir fundinum lá, að svara, eftir farandi bréfi frá Kvennabandinu;

„Aðalfundur K. B. beinir þeirri fyrirspurn til kvenfelaga innan sambandsins, hvort þau vilji beita sér fyrir og vinna að fjársöfnun til kaupa á sjúkrabíl fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, og óskar K. B. eftir svari frá félögunum fyrir 10 júní næst komandi“. Rætt var um málið og var einróma talið að mikil þörf væri að þetta mál kæmist á rekspöl, og lýsti fundurinn sig samþykkan tillögunni.

Einnig barst fundinum bréf frá Orlofsnefnd þar sem tilkynnt var að útvegaður hafi verið dvalarstaður fyrir Orlofskonur í Húsmæðraskólanum á Laugarvatni og er óskað eftir að umsóknir um orlofsdvöl berist fyrir 10 júní n. k.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt

Fundi slitið

Ásdís Magnúsdóttir
fundarritari

## Fundargjörð

Mánudaginn 8. maí 1967 var aðalfundur kvenfél. Iðju haldinn að Ásbyrgi. Átta konur voru mættar.

Formaður setti fundinn og minntist látins félaga, Ólafar Jónsd. Þá las hún tvö bréf: frá Gunnl. Hannesdóttur og Ásdísi Magnúsdóttur þar sem þær segja sig úr félaginu.

Þá las féhirðir reikninga fél. og skýrði þá. og voru þeir samþ.

Síðan var rætt um starfsemi félagsins og talið að aðallega yrði unnið að veitingum og fatageymslu með svipuðum hætti og verið hefur.

Kosin var ein kona í stjórn: Helga Jóhannesdóttir í stað Sigr. Kolbeins og til vara Anna Jörgensdóttir.

Fulltrúar á kvennasambandsfund voru kosnar: Guðfinna á Óli og Helga á Grund: til vara Sigr. Kolbeins

Fundi slitið

Fundarr. Sigr. Friðriksd.

## Fundargjörð

Fundur var haldinn í kvenfél. Iðju 26. nóv 1967.

Form. Helga Þorsteinsdóttir stýrði fundi las síðan aðalfundarg. K.B.

Þá var rædd fyrirhuguð skemmtun fyrir eldra fólk í héraðinu og var samþ. að aldurstakmark yrði miðað við 67 ára aldur.

K.B. hafði óskað eftir upplýsingum frá kvenfélögunum um hvernig verja skyldi því sem inn kæmi á næsta ári.

Helga Þorsteinsdóttir bar upp svohljóðandi tillögu:

Fundur haldinn 26. okt. 67 að Ásbyrgi. beinir því til K.B. hvort ekki væri æskilegt verkefni fyrir K.B. að vinna að kaupum á tannlækninga-tækjum t.d. skóli

Till. samþ samhljóða.

Talað var um að hafa næsta basar Iðju í Ásbyrgi um þetta leyti árs

Ennfremur að hafa barnaskemmtun

með líku sniði og undanfarin ár.
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Fundarritari
Guðfinna Jónsdóttir.

## Fundargjörð.

Fimmtud. 20. júní 1968 var aðalfundur Heimilisiðnaðarfélagsins "Iðju" haldinn haldinn að Ásleyrgi.
Ellefu konur mættu á fundinum.
Formaður setti fundinn og minntist tveggja látinna félaga: þeirra Margrétar Benediktsdóttur og Bjarna Björnssonar.
Tvær konur gengu í félagið: Lilja Lárusdóttir og Jóhanna Pálsdóttir.
Rætt var um skemmtiferð fyrir eldra fólk, sem Kvennasambandið gengst fyrir að farin verði í sumar og einnig fjáröflun Kvennabandsins til kaupa á tannlækningatækjum.
Samþykkt var að halda áfram að selja húsinu kaffi fyrir lögreglu og hljómsveit og annað starfsfólk hússins geti einnig fengið það keypt á skemmtisamkomum.
Fyrirhugað er að hafa basar í haust eða vetur.

Í stjórn voru endurkosin:
Helga Þorsteinsdóttir formaður og
til vara Anna Jörgensdóttir.
Fundargerðin lesin upp og samþykkt
Fundi slitið

Fundarritari
Sigr. Friðriksdóttir.

Fundargjörð.
Aðalfundur heimilisiðnaðarfél. Sitju haldinn í Ásbyrgi 11. maí 1970, 8 konur sátu fundinn. Helga Þorsteinsdóttir las upp fundargerð síðasta fundar, einnig las hún upp fundargerð aðalfundar K.B. og var þar m.a. sú spurning til félaganna hvort ætti að halda skemmtun fyrir gamla fólkið, voru konur hér því hlyntar.
Helga Jóhannesdóttir las upp reikninga fyrir árið 1969 og voru þeir samþykktir.
Kosnar til að fara á aðalf. kvennabandsins þær Helga Jóhannesd. og Elínborg Jónsdóttir.
Eva Thorstensen, Borð: gekk í félagið.
Gjaldkeri var kosin Sigríður Kolbeins.
Fundi slitið

Fundargerð
Fundur haldinn í kvenfél. Iðju 5. maí '69
Tíu konur voru mættar á fundinum.
1. Lesin var upp og samþykkt
Fundargerð aðalfundar ársins 1968 frá 20 júní.
Féhirðir félagsins Helga Jóhannesdóttir las upp reikn. ársins og voru þeir samþ. athugasemdalaust.
Rætt var um kaup á bollapörum sérkerðum o. fl.
Borin var fram eftirfarandi tillaga frá Helgu Þorsteinsdóttir.
Fundurinn ákveður að kaupa 75 bollapör með diskum, auk þess 50 st gaffla og teskeiðar 50 af hvoru, til notkunar í Ásbyrgi.
Samþ. með öllum greiddum atkvæðum.
Þá las form. upp norræna bréfið og var samþ. að koma saman við og við á næsta ári og lesa upp úr verkum Sigrid Undset.

Þá var gengið til kosninga:
Sigurlaug Friðriksdóttir átti að ganga úr stjórninni, en var endurkjörin með 3 atkv.
Stungið var upp á tveim konum til að mæta á aðalfundi Kvennasambandsins: Kristbjörgu Jónsdóttur og Sigr. Kolbeins og til vara Jóhönnu Pálsdóttur.
Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.
Fundarritari
Guðfinna Jónsdóttir

## Fundargjörð

Fundur í kvenfélaginu "Iðju" sunnudaginn 1. nóv. 1970.

I Málefni fundarins: Lopapeysunámskeið Formaður, Helga Þorsteinsdóttir, skýrði frá námskeiði, sem haldið var á vegum ullarverksm. Álafoss; hvatti hún konur til að koma á slíku námskeiði hér og fá frú Jónu á Gauksmýri til að kenna, en hún er nýútskrifuð frá Álafossi.
Ennfremur gæti kvenfélagið fengið lopann í heildsölu frá Álafossi, og jafnframt styrk frá Kvenfélagasamb. Ísl. út á námskeiðið, sem ekki er þó ákv. um hve mikill kann að verða.

II. Fundurinn ákveður að hækka verð á kaffi við jarðarfarir um kr. 15 pr mann úr kr 75.- í kr 90.- en þeir bollar sem verða umfram 100.- skulu seldir á kr 60.-
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Fundarritari Guðfinna Jónsd

## Fundargjörð.

Fundur haldinn að Reykjum 15. maí 1971

Alls mættu níu konur.

Helga Gíslínudóttir setti fundinn sem var aðalfundur og stýrði honum.

I. Umræður urðu einkum um fundargjörð K.B. eða það efni hennar að bjóða eldra fólki til kaffidrykkju og skemmtiferðar í sumar, og þótti það athugl.

II. Lesið bréf um Karen Blixen, frá Kfs. Ísl.

III. Reikn. fél. lesnir upp og samþ.

Kaffihlé

IV Kosningar:

Kosin ein kona í stjórn: Jóhanna Klausdóttir

Kosnir fulltr. á fund K.B: Steinbjörg Þórsd. og Anna Jörgensdóttir, og til vara Guðrún Guðm. og Helga Jóhannesd.

Að lokum var samþ. að hafa basar á hausti komandi til ágóða kirkjunni að Mel st.

~~Fundi~~ Fundi slitið

Fundarritari Guðfinna Jónsdóttir

## Fundargjörð.

Fundur haldinn í félagsheimilinu Ásbyrgi 4. nóvember 1971

I. Ákveðið var að gefa Melstaðarkirkju gjöf vegna 25 ára afmælis hennar sem verður árið '72.

Til fjáröflunar var ákveðið að hafa basar í febrúar, einnig var stungið upp á að hafa kökuuppboð á næsta spilakvöldi sem verður sennilega þ. 6/11 n.k. ef árangurinn verður góður mætti hafa þá fleiri slík uppboð.

II. Rætt var um væntanlega jólatrés-skemmtun, þarf við fyrst að athuga jólatréseríur, kaupa kakó og kaffi, var ákveðið að félagskonur skyldu eigi hafa miklar áhyggjur af bakstri fyrir skemmtunina, koma með það jólabrauð sem þær ætla í jólum sínum. Ákveðið var að sauma einn jólasveinabúning og lagfæra

annan.

III Í janúar fór Kvennfélagið Iðja að heimsækja Sjúkrahúsið á Hvt.

Fundi slitið

Fundarritari
Eva Thorstensen
Barði

# Fundargjörð.

Þriðjudaginn 16 maí 1972 var aðalfundur Kvenfélagsins Iðju haldinn í félagsheimili Ásbyrgis.

I. Lesin skýrsla ársins
Félagið vann við veitingar eins og venjulega. Einnig var farið með eldra fólk í héraðinu í ferðalag og til kaffidrykkju í félagsheimilinu á Hvammstanga. Unnið var að hlutaveltu K.B. Haldið var námskeið í lopapeysuprjóni. Fatageymslu á skemmtunum annaðist félagið af húsmennsku.
Haldið var uppboð á kökum sem tókst með ágætum

II Lesnir reikningar félagsins. Samþykktir samhljóða.

III Rætt um gjöf til Melstaðakirkju á 25 ára afmælinu. Samþykkt var að gefa teppi í kórinn og renning fram kirkjuna og stjórninni falið framkvæmd í málinu.

IV. Samþykkt var að hækka árgjaldið í 100 kr á ári var áður 30 kr.

V. Anne Jörgensen talaði fyrir því að kvenfélagið gefi klukku í nýja skólann, þegar ástæður leyfa. Önnu falið að athuga verð á klukkum og gerð.

VI. Ein kona gekk í félagið, Þorbjörg Sveinbjarnardóttir Huppahlíð.

VII Sigurlaug á Brekkulæk bauð kven-félaginu gulrófufræ og unnið land ef félagið vildi ~~vildi~~ rækta rófur. Höfðu margar konur áhuga, var samþykkt að reyna þetta.

VIII. Fulltrúar á aðalfundi K.B. kosnar Elín Björg á Bírfelli og Sigríður Kolbeins † á Melstað, til vara Kristín á Söndum. Í stjórn kosin Eva á Barði: með 4 atk. í varastjórn Anne Jörgensen með 3 atk. Fundi slitið.

Fundaritari

Helga Þorsteinsdóttir

Fundargjörð.

Miðvikudaginn 29. nóv. 1972 var fundur haldinn í kvenfélaginu Iðju. Formaður setti fundinn og sagði frá því sem gerð var á síðasta fundi og tilnefndi fundarritara Helgu Þorsteinsd.

Fjórar konur gengu í félagið Halldóra Guðrún Helgadóttir, Inger Helgadóttir og Þórfríður Guðmundsdóttir

I. Mikið var rætt um gulrófuræktunina, ágóðinn s.l. sumar var um 50 þúsund kr. Ákveðið var að rækta rófur næsta sumar ef hægt væri.

II. Ákveðið að panta klukkuna í barnaskólann hið allra fyrsta.

III Guðrún á Bírfelli kom með þá tillögu hvort ekki væri tilvalið að breyta til með orlofsferð húsmæðra, að þær væru farnar að vetrinum t.d. til Reykjavíkur 3ja daga ferð, skoðuð söfn farið í leikhús o.s.frv.

IV. Mikið var rætt um félagsstarfið og var

ákveðið að hafa þriggja kvölda spila-
keppni eftir áramótin og í athugun að
hafa bögglauppboð eitt kvöldið.
Ákveðið var að breyta til með barna-
ballið og hafa smá jólaböggla í poka
jólasveinsins, í hverjum böggli sé
eitthvað smávegis ásamt heim sælgætis-
molum, verð ekki hærra en 75 kr. á
böggli. Að öðru leiti verði barnaballið
eins og venjulega.
Fundi slitið

Fundaritari
Eva Thorstensen
Brúði

Fundargerð.

Fundur haldinn miðvikudaginn 24. jan.
1973 hjá Kvenfélaginu Iðju í félagsheimilinu
Ásbyrgi.
Formaður Jóhanna Pálsdóttir skýrði frá
m.a. beiðni frá Kvenfélagasambandi Íslands
við að útvega kennara til að hjálpa
konum við að sauma íslenzka búninginn,
en það eru tilmæli frá þjóðhátíðarnefnd
að sem flestar konur hafi eignast búninginn
fyrir þjóðhátíðina 1974. Einnig mun
Kvenfélagasamband Íslands hafa sent frá sér
þá tillögu að hver kvenfélagskona gefi
kr. 25 til Hallveigarstaða, því fjárhags-
örðugleikar eru þar miklir. Var tillagan
samþykkt.
Kvennasamband A.-Húnavatnssýslu óskar
eftir því að Kvennasamband V-Hún.
gangi í Kvennasamband norðlenzkra
kvenna. Kvenfélagið Iðja ákvað að
vera hlutlaust um að taka þá ákvörðun.

Kvenfélag Eyfirðinga hefur boðið konum úr V-Hún. að taka þátt í orlofsdvöl seint í ágúst að Kvennaskólanum Laugalandi í Eyjafirði.
Ákveðið var að fresta bögglauppboði og spilakvöldi fram í marz.
Eftirfarandi tillaga kom frá Helgu Þorsteinsd. Bessastöðum. Fundur haldinn í Kvenf. Iðju 24 jan. '73 skorar á Hreppsnefnd Ytri Torfustaðahrepps að beita sér fyrir byggingu íbúða fyrir aldrað fólk í þorpinu á Laugabökkum. Telur fundurinn að þetta þoli enga bið.
Að síðustu var ákveðið að heimsækja Sjúkrahúsið á Hvammstanga eftir hvorn megin við mánaðarmótin jan. febr.

Fundi slitið...

Fundarritari
Eva Thorstensen
Berð.

Fundargerð.

Aðalfundur haldinn í ~~Kvenfélaginu~~ Kvenfélaginu Iðju, föstudaginn 11. maí 1973, 12 konur sátu fundinn. Formaður félagsins Jóhanna Pálsdóttir setti fundinn síðan las Eva Thorstensen fundargjörð frá síðasta fundi og varð framhald á umræðum um tillögu ~~sem~~ sem fram kom á þeim fundi um byggingu á íbúðarhúsa fyrir aldraða á Laugabökkum. Formaður las upp skýrslu um starfsemi félagsins á árinu. Sigríður Kolbeins las upp reikninga félagsins.
Tekjur félagsins námu kr. 192.324.90. Gjöld námu samtals kr. 72.721.70. Í sjóði 119.603.20 kr. Hrein eign kr. 378.436.00. Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða. ~~Lesið var bréf~~ Kvenfélagið Heimey sendi bréf til félagsins, þar sem farið var fram á að kvenfélagið keypti póstkort sem gefin hafa verið út til styrktar Vestmanna-

eiginum vegna fordeldanna, sú
áskorun var samþykkt.
Samþykkt var að sækja garðbréfin í
sumar að Brekkulæk, og voru Anna
Jörgensdóttir og Lilja Jónasdóttir
kostnar til að sjá um það.
Helga Þorsteinsdóttir las upp fundargerð
aðalfundar Kvennabands V-Hún.
Sigríður Kolbeins talaði fyrir því að
kvenfélagið gæfi Melstaðarkirkju tvo
stóra blómavasa og svart áklæði á
stólana sem hafðir eru undir líkkistunni
Var það samþykkt og Inger Helgadóttir
falið að athuga með gólfvasana
Sigríður Kolbeins tók ekki endurkosningu
í stjórnina í hennar stað var Helga
Jóhannesdóttir. Tvær konur voru kostnar
til að fara á aðalfund Kvennabandsins,
þær Sigríður Kolbeins og Anna Jörgensdóttir.
Fundi slitið, fundargjörð lesin og samþykkt.

Fundarritari
Þorbjörg Sveinbjarnadóttir

Fundargjörð.

Sunnudaginn 2/12 '73 var fundur haldinn
í Ásbyrgi hjá Kvenfélaginu Iðju.
Formaður setti fundinn, þá tók
Helga Þorsteinsdóttir Bessastöðum til
máls, samþykkt var á formannafundi
kvenfélaganna er hún sat á að
kvennabandið gæfi samtals kr. 100.000.00
hundrað þúsund krónur, til kaupa á
snjóbíl fyrir héraðið. einnig var lögð
fram tillaga að hvert kvenfélag í
Kvennabandinu legði fram einhverja
peningaupphæð. Samþykkt var að
Kvenfélagið Iðja gæfi Kr. 10.000.00.
Nú í sumar verður haldið upp á
1100 hundrað ára byggð Íslands og
verður aðalhátíðahöldin á Þingvöllum
síðustu helgina í júlí. en þá helgi
er Kvennabandið vant að vera með
sína árlegu skemmtun. Viljum við
því koma þeirri tillögu á framfæri að
Kvennabandið breyti til með skemmtun.

sem í ár, verði með sína vinsælu hluta-veltu og sýni góða fjölskyldu mynd. Kvennabandið gaf úr Dvalarheimilissjóð 4ra sæta sófa til sjúkrahússins, einnig mun það gefa klukku (veggklukku er stór) um jólin í stað þess að gefa hverjum sjúkling jólagjöf.
Rætt var um möguleika til að halda námskeið af einhverri tegund, var ákveðið að fá Sigríði Halldórsdóttur til að koma og sýna okkur þá teg. af föndri sem heimilisiðnaðarfélagið væri með námskeið í.
Rætt var um jólatrésskemmtunina og ákveðið að jólasveinarnir gefa börnunum jólapakka eins og á síðustu jólatrésskemmtun. Börnin voru mjög ánægð með það fyrirkomulag, en ekki voru allar félagskonur sammála því að þær ættu að bera allan kostnað vegna kaupa á jólapökkunum.

Fundi slitið
Fundarritari Eva Thorstensen

## Fundargjörð.

Sumardaginn 19 maí 1974, var aðalfundur haldinn í Ásbyrgi.
Formaður Jóhanna Pálsdóttir setti fundinn, nefndi hún sem fundarritara Helgu S. Þorsteinsdóttir.

1. mál. Ritari félagsins Eva Thorstensen las upp fundargerð síðasta fundar.
2. Formaður las upp tvö bréf frá K.Í., um áfengisvarnarmál og orlofsmál, einnig las hún upp bréf frá N.L.F.A. og biður það um stuðning við að reisa hressingarhæli á Norðurlandi. Engin ákvörðun tekin. Einnig las formaður fundargerð síðasta aðalfundar K.B.
3. Gjaldkeri félagsins Helga Jóhannesdóttir gerði grein fyrir fjárhag félagsins og las reikninga þess. Voru þeir samþykktir einróma.
4. Eva á Bergi ber fram munnlega tillögu, hvort ekki væri rétt að

kvenfélagið hefði flóamarkað til ágóða fyrir Melstaðarkirkju og æskilegt væri að kirkjukórinn vildi vera með í markaðinum. Var gerður góður rómur að þessu, og samþykkt sam hljóða.
'Akveðið var að markaðurinn yrði haldinn fyrstu helgina í september.
5. Rætt var um veitingar á væntanlegri þjóðhátíð í sumar. Búist var við að félagið yrði að leggja fram þá vinnu sem óskað væri eftir.
Anna Jörgensdóttir var kosin til að mæta á væntanlegum veitinganefndar fundum
6. Kosningar:
Fulltrúar á aðalfund K.B.
Anna Jörgensdóttir og Lilja Lárusdóttir
Í húsnefnd var kosin Lilja Lárusdóttir og Þorbjörg Sveinbjarnardóttir til vara.
Úr stjórninni átti að ganga Jóhanna Pálsdóttir. Hún endurkosin sem formaður með lófaklappi.
Fundi slitið

Fundargjörð
Sunnudaginn 24/11 '74 var fundur haldinn í félagsheimilinu Ásbyrgi.
Formaður Jóhanna Pálsdóttir setti fundinn og nefndi hún Eva Thorstensen sem fundarritara.
Jóhanna byrjaði á því að segja okkur frá nýafstöðnum formannafundi.
Þar var Jósefínu Helgadóttur fyrrverandi formanni kvennabandsins minnst, og samþykkt var að gefa sjúkrahúsinu veglegan gólflampa til minningar um hána merku konu.
'A fundinum var ákveðið að fá Sigríði Halldórsdóttur með sýnishorna-baldanna, ef áhugi væri fyrir hendi hjá félögunum, og halda námskeið hér í V-Hún. í prjóni, hekli, hnýti, föt og sjöll vefnaði hnýtingum og fleiru; einnig að reyna að fá garðyrkjuráðunaut til að leiðbeina þeim kvennfélagskonum sem áhuga hefðu á tilsögn ráðunautsins.

Á formannafundi Kvennabandsins var ákveðið að efna til dansleiks þ. 7 des. n.k. fyrir kvenfélagskonur í sýslunni. Voru Iðju konur ánægðar með þessa nýbreytni.
Anna á Uppsölum kom með tillögu að kvenfélagið Iðja héldi fjölskyldufagnað heima í vetur og jafnvel að bjóða utanfélagskonum með sínar fjölskyldur.
Rætt var um jólatrésskemmtunina og ákveðið að hafa sama háttinn á og undanfarin tvö ár, að hver félagskona gefi þrjá pakka, umfram sín börn ef um það væri að ræða.
Eva á Barði kom með tillögu að kvennabandið beitti sér fyrir aukinni löggæslu á dansleikjum í V-Hún. þ.e.a.s. að unglingar innan sextán ára aldurs kæmist alls ekki inn á dansleiki, einnig að lögreglan hafi eftirlit með því að (fólk) gestir dansleikjanna færi ekki með vín inn í félagsheimilin og að vínneysla verði ekki viðhöfð í húsunum samkvæmt lögum.
Mengun af ýmsu tagi hefur mikið verið til umræðu að undanförnu og unnið hefur verið að því að sporna gegn henni víða um heim, en mengun sálar og líkama er ekki síður mikilvægt að vinna gegn, t.d. hefur drykkjuskapur farið mjög í aukana hin síðari ár og væri það þarft verkefni kvenna að vinna gegn áfengisbölinu.

Fundi slitið

Eva Thorstensen
fundarritari

Þess skal getið að vel tókst að safna fyrir flóamarkaðinn af fatnaði og öðrum hlutum. Markaðurinn var haldinn í byrjun vetrar í hrísinu veðri ásamt kaffiveitingum, ekki varð fjölmennt, en seldist framar öllum vonum, ákveðið var að halda uppboð á spilakvöldi í nóvember því mikið var óselt, uppboðið tókst mjög vel og vakti kátínu.

Enn var afgangur og gaf félagið nálægt 80 kg af fatnaði í Eþíópíusöfnun sem stóð yfir, en íslendingar gáfu í allt í þá söfnun um 30 tonn af fatnaði til Eþíópíu því þar ríkti mikil neyð og fátækt.

Séra Bernharð Guðmundsson var upphafsmaður að söfnun þessari.